

ÍÐJURJÁLFINN



2. töl. 19. ÁRGANGUR 1997

FAGBLAÐ ÍÐJURJÁLFA

PÓSTHÓLF 4159 • 124 REYKJAVÍK

Hættum að lyfta

MEDIMEC RoMedic SVENKO

Hjálpartæki sem hafa vinnuvernd að leiðarljósi

Rennidýnur, lyftisþjöld, lyftibelti, fluttningsbretti
fyrir alla er eiga erfitt með að standa upp, snúa
sér í rúmi eða flytja sig á milli. Lengri dýnur fyrir
þá er þarf að flytja á milli eða snúa í rúmi.

Fiberdýnurnar vinsælu eru nú fáanlegar í mismunandi
þykkt. Einnig eru til fiberdýnur sem hægt er að taka í
sundur þannig að þær komast í heimilispvottavél,
fiberstólsetur og hælhlífar.

Vest Kot
Pósthólf 9299
Sími 557 7878
129 Reykjavík



Efnisyfirlit

Að vera maður með mönnum	5
Viðtal við rektor Háskólans á Akureyri	7
Viðtal við forstöðumann heilbrigðisdeildar Háskólans á Akureyri	10
Nemendur á iðjupjálfunarbraut	13
Iðjupjálfun verður íslensk fræðigrein	14
Iðja	20
Efnisyfirlit SJOT	25
Fréttir af framhaldsnámi	26
Klúbburinn Geysir	28
Skjólstaðingsmiðuð iðjupjálfun	32
Af kjaramálum	36
Íðorð á netinu	37
Fréttabréf frá WFOT	39

Ritnefnd:

Anna Ingileif Erlendsdóttir

Auður Hafsteinsdóttir

Soffía Haraldsdóttir

Þóra Leósdóttir

Stjórn:

Hope Knútsson, *formaður*

Sigríður Kr. Gísladóttir,
varaformaður

Guðrún Kr. Guðfinnsdóttir,
gjaldkeri

Elsa Þorvaldsdóttir, *ritari*

Lovísa Ólafsdóttir, *meðstjórnandi*

Prentun:

Offsetfjölritun hf. / Margrét Rósa
Mjólnisholti 14, 105 Reykjavík

Ritstjórnarspjall

Efni Iðjupjálfans er að mestu helgað námi í iðjupjálfun. Í haust gerðist sá merki og langþráði atburður að iðjupjálfunarbraut hóf göngu sína við Háskólann á Akureyri.

Ritnefnd fannst því við hæfi að drepa niður fæti í skólabænum norðan heiða og hitta fólk sem tengist náminu. Við þökkum góðar viðtökur og óskum iðjupjálfunarbraut alls velfarnaðar í framtíðinni.

Unnið er að breytingum varðandi útlit og efnistöð fagblaðsins. Markmiðið er að efla gæði og taka upp nútímalegri vinnubrögð. Ýmislegt er í deiglu og munu lesendur sjá brot af því í þessu tölublaði.

Við þökkum auglýsendum jákvæð viðbrögð sem og þeim er birt hafa styrktarlínur í Iðjupjálfanum að þessu sinni. Að lokum óskum við lesendum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári.

Ritnefnd


bíró



A - 1520

Tilboð
39.288 kr.

Bíró




Mocca
Hönnuð:
Pétur B. Lútherson FHÍ

10.950 kr.

Stafli

Hönnuð:
Pétur B. Lútherson FHÍ

7.900 kr.



gks

Húsgagnagerð í 89 ár
Smiðjuvegi 2, Kópavogi
Sími: 567 2110
Fax: 567 1688

Að vera maður MEÐ MÖNNUM

- saga frá Akureyri



Hope Knútsson formaður ÍBÍ

Frá formanni Íðjubjálfafélags Íslands

Laugardaginn 27. september síðast liðinn fór skólanefnd félagsins, til Akureyrar til þess að taka þátt í 10 ára afmælishátíð heilbrigðisdeildar Háskólans á Akureyri. Veðrið var sólríkt og hlýtt og lafin á trjánnum í fegurstu haustlitum. Það var sérstaklega ánægjulegt að taka þátt í þessum hátíðahöldum og að upplifa þessi tímamót með starfsfólki og fyrrum nemendum heilbrigðisdeildar.

Við fengum frábærar móttökur. Það kom fram í ræðum bæði hjá rektor og forstöðumanni heilbrigðisdeildar að allir voru himinlifandi að fá íðjubjálfunarbraut innan háskólans. Þau kölluðu þá námsbraut skrautfjöður og upplýstu gesti um að heilbrigðisdeildin væri orðin stærsta deild háskólans vegna tilkomu íðjubjálfunarbrautar. Það var mikið gert úr hversu spennandi þeim fannst að fá íðjubjálfun til viðbótar og hvað þau hlökkðu til samstarfsins við okkur.

Hjúkrunarfræðingar rifjuðu upp skemmtilegar minningar um hvernig þeir byrjuðu fyrir 10 árum og allar þær efasemdir sem aðrir höfðu um réttmæti þessarar námsbrautar fyrir

norðan. Þróun hjúkrunarfræðinnar á Akureyri hefur verið sérstaklega metnaðarfull. Talað var um hvernig þau hafa haft frjálsari hendur, miðað við kollega sína fyrir sunnan varðandi ýmsar nýjungar í kennslunni. Þeir hjúkrunarfræðingar útskrifaðir frá Akureyri sem farið hafa í masters- og doktorsnám voru allir nefndir og nokkrar rannsóknir nýútskrifaðra hjúkrunarfræðinga voru kynntar. Það var auðvelt að ímynda sér að eftir 10 ár myndi standa þarna fjöldi íðjubjálfa sem væru að kynna rannsóknarverkefni sín.

Undirrituð talaði um mikilvægi þess fyrir okkar stétt að fá loksins námsbraut og hvað við værum ánægð með staðsetningu námsins á Akureyri. Lýst var yfir samstarfsvilja Íðjubjálfafélags Íslands og ég tilkynnti um gjöf félagsins til námsbrautarinnar sem er ótímabundin áskrift að erlendu fagtímariti að eigin vali. Þá kynntu Snæfríður Þóra Egilson og Guðrún Pálmadóttir íðjubjálfun með skemmtilegum skyggunmyndum og glærum. Snæfríður fjallaði um hugmyndafræði íðjubjálfunar og íðjuhugtakið og Guðrún um þróun íðjubjálfa.



Frá vinstri; Guðrún Pálmadóttir brautarstjóri iðjupjálfunarbrautar, Snæfríður Þóra Egílsón lektor við iðjupjálfunarbraut, Þorsteinn Gunnarsson rektor og Sigríður Halldórsdóttir forstöðum. heilbrigðisdeildar.

unar og kynnti uppbyggingu námsins.

Að hátíðarhöldum loknum sýndi forstöðumaður heilbrigðisdeildar okkur húsnæði háskólans á Sólborg, þar á meðal nýtt og glæsilegt bóka-


safn. Það var einstök tilfinning að finna fyrir allri þessari hlýju í okkar garð. Þetta var eins og að vera boðin velkomin í nána og hlýja fjölskyldu.

Hope Knútsson

Tilkynning!

Hagnýtt rit við nám og störf!

fáanlegt hjá:



- Bóksölu Stúdenta, Reykjavík
- Bókvali, Akureyri

• Auði Axelsdóttur, iðjupjálfun geðd. Lsp. s: 560 1791/560 1792

Góð tengsl

MILLI HÁSKÓLANS Á AKUREYRI OG ATVINNULÍFSINS Í LANDINU

segir Dr. Þorsteinn Gunnarsson rektor

Starfsemin hófst með kennslu á tveimur brautum, iðnrekstrar- og hjúkrunarbraut haustið 1987. Það voru samtals 31 nemandi sem hófu nám í þá daga. Háskólinn á Akureyri var þó ekki stofnaður með lögum frá Alþingi fyrr en vorið eftir. Áhersla er lögð á hnitmiðað nám sem tengist vettvangi atvinnulífsins og býr nemendur undir líf og starf í íslensku nútímapjöðfélagi.

Námsbrautum fjölgar

Nú sem fyrr er stefnan að bjóða upp á nýjungar í hákólanámi á Íslandi. Á þeim tíu árum sem háskólinn hefur verið starfræktur hafa orðið stórstígar breytingar.

- Sjávarútvegsdeildin hóf göngu sína árið 1990 og var það fyrsta raunverulega nýjungin í háskólakennslu, en rekstrarfræði hafði verið kennd áður og hjúkrunarfræði við Háskóla Íslands. Húsnæðið sem háskólinn hafði til afnota, í upphafi voru tvær kennslustofur í íþróttahöllinni og skrifstofuaðstaða fyrir tvo starfsmenn var í Þingvallastræti 23. Fyrstu hjúkrunarfræðingarnir, ellefu talsins voru brautskráðir 1991. Næsta nýjungin var stofnun kennaradeildarinnar árið 1993 þar sem boðið var upp á nám til grunnskólakennaraprófs og árið eftir tókum við upp kennslu í uppeldis- og kennslufræði fyrir nem-

endur sem lokið höfðu háskólaprófi en vantaði kennsluréttindin. Á síðasta ári hófst síðan kennsla við matvæla- braut innan sjávarútvegsdeildar og leikskólakennarabraut við kennaradeildina. Á tíu ára afmæli heilbrigðisdeildar nú í haust hóf svo göngu sína námsbraut í iðjubjálfun. Í dag stunda samtals 460 nemendur nám við Háskólann á Akureyri og er heilbrigðisdeildin sú fjölmennasta, en nemendur þar eru 150 talsins, segir Þorsteinn.

Háskólaumhverfi

Akureyri hefur löngum verið nefndur skólabær og þar er háskólaumhverfi í örri þróun. Í framtíðarskipulagi er gert ráð fyrir byggingum á Sólborgarsvæðinu sem hýsa munu alla starfsemi háskólans. Stefnan er einnig að byggja stúdenta- garða í nálægum íbúðahverfum.

- Það var árið 1995 að við fengum afhent húsnæðið á Sólborg og þá var stjórnsýslan flutt hingað. Sólborgarsvæðið er síðasta óbyggða svæðið í miðri Akureyri og því fylgja 10 hektarar lands. Það dugar því til þess að byggja háskóla sem rúmar um það bil 2000 nemendur. Efnt var til samkeppni meðal arkitekta og á þeim teikningum, sem urðu fyrir valinu liggur fyrir skipulag framtíðarhúsnæðis og svæðisins í heild. Við gerum ráð fyrir að ljúka fyrirhuguðum nýbyggingum, í áföngum á næstu fimm árum. Bókasafn sem og lesstofur hafa þegar verið teknar í notkun á Sólborg. Fjórir stúdentagarðar, 50-60 húsnæðiseiningar bæði fyrir einstak-



Dr. Þorsteinn Gunnarsson, rektor.



Á Sólborg er ný og glæsileg aðstaða fyrir bókasafn og til lestrar.

BRAUTSKRÁÐIR NEMENDUR HÉÐAN ERU VIÐ STÖRF Í ÖLLUM LANDSHLUTUM. VIÐ SEGJUM ÞAÐ HREINT ÚT, AÐ VIÐ ERUM AÐ MENNTA FÓLK TIL ÞESS AÐ AUKA LÍFS-GÆÐI OG ATVINNULÍF Á LANDSBYGGÐINNI OG STÖNDUM OG FÖLLUM MEÐ ÞVÍ.

linga og fjöldskyldur eru hér á Akureyri. Það hefur reynst auðvelt fyrir nemendur að fá húsnæði hér og leigumarkaðurinn virðist tiltölulega opinn. Þrátt fyrir mikla fjölgun nemenda þá hafa allir fengið húsnæði án teljandi vandkvæða. Verið er að undirbúa frekari byggingar á stúdentagörðum, sem er auðvitað nauðsynlegt þegar horft er til framtíðar. Stefnan er sú að stúdentagarðar verði ekki inni á sjálfri háskólalóðinni heldur í nálægum íbúðahverfum þar sem þjónustan er. Skipulag á gönguleiðum til og frá háskólahverfinu liggur fyrir, segir Þorsteinn.

Að loknu námi

Nemendur sem útskrifast hafa frá Háskólanum á Akureyri eru eftirsóttir til verknáms og starfa. Markmiðið er að veita nemendum þá viðtæku fræðilegu undirstöðu sem gerir þá að háskólaborgurum. Unnið er að margvíslegum rannsóknnum sem auka við þekkingargrunn þjóðarinnar og bæta hagsæld hennar.

- Það er nánast biðlisti eftir sjávarútvegsfræðingum, svo eitthvað sé nefnt. Það eru engir atvinnulausir kandidatar sem sýnir að við erum að bjóða upp á nám sem hentar mjög vel atvinnulífinu. Við viljum þó ekki líta svo á að ein braut sé tengdari atvinnulífinu en aðrar. Nemendur okkar eru eftirsóttir í verknám inni á stofnunum og í hagnýt verkefni hjá fyrirtækjum. Þeir stunda verknám um allt land og lokaverkefni, til dæmis í rekstrardeild eru unnin úti í

fyrirtækjunum, þannig að nemendur taka fyrir rauveruleg mál. Það hefur tvímælalaust jákvæð áhrif fyrir Norðurland og alla landsbyggðina að hér skuli vera háskóli. Tilhneigingin hefur lengi verið sú að nemendur af landsbyggðinni sóttu suður í nám á háskólastigi og skiluðu sér illa til baka. Hér er þetta öfug þróun. Við tökum á móti nemendum af Reykjavíkursvæðinu og landsbyggðinni og margir skila sér aftur út á land að loknu námi. Brautskráðir nemendur héðan eru við störf í öllum landshlutum. Við segjum það hreint út, að við erum að mennta fólk til þess að auka lífsgæði og atvinnulíf á landsbyggðinni og stöndum og föllum með því. Við tökum þetta hlutverk okkar alvarlega, segir Þorsteinn.

Samstarf við Háskóla Íslands

Ýmsir möguleikar eru fyrir hendi hvað varðar samstarf háskólanna tveggja. Nú þegar á sér stað góð samvinna um fjölmörg verkefni til að mynda fjarkennslu, fyrirlestra og útgáfu af ýmsu tagi.

- Við stofnun háskólans hér mátti þó merkja ákveðna togstreitu milli háskólakennara fyrir sunnan og okkar. Sumir hverjir óttuðust að nemendur yrðu teknir frá þeim. Reyndin hefur orðið sú að samstarf milli háskólanna er alltaf að aukast og til er samstarfssamningur um ýmis sameiginleg verkefni eins og starfsmannamál, fjarkennslu, nemenda- og kennaraskipti, fyrirlestrahald og útgáfumál.

Þannig hefur þetta þróast yfir í að vera mjög hagnýtt samstarf fyrir báða aðila. Þegar um líkt nám er að ræða, eins og hjúkrunarfræði þá er ljóst að hægt er að vera með töluverða samnýtingu í kennslu og þannig getum við aukið fjölbreytni í námi. Í framtíðinni, þegar námi í iðjuþjálfun vex fiskur um hrygg má sjá fyrir sér að hægt verði að setja upp einstök námskeið sem yrðu kennd fyrir sunnan líka. Ýmsir möguleikar eru fyrir hendi. Menn átta sig auðvitað á því, eftir stofnun Háskólans á Akureyri að við erum að vinna nýjan markað fyrir

háskólamenntun í landinu. Raunhæfur möguleiki skapaðist til þess að reka háskóla á landsbyggðinni sem menntar fólk til að starfa þar sem þekking þeirra og hæfni nýtist best, hvort sem það er innan lands eða utan. Við opnum nýjan markað fyrir háskólamenntun á Íslandi og förum nýjar leiðir í því sambandi, segir Þorsteinn að lokum.

PL/AIE

Akureyringar geta státað af göngugötu.



Iðjupjálfun

ER ÞJÓÐHAGSLEGA HAGKVÆM

- segir Dr. Sigríður Halldórsdóttir

forstöðumaður heilbrigðisdeildar Háskólans á Akureyri

Deildin fékk nafn sitt vegna þess að þegar í upphafi var gert ráð fyrir fleiri heilbrigðisgreinum innan hennar og markmiðið er að auka fjölbreytni í námi. Reynslan sýnir einnig að slík tilhögun gefur möguleika á samkenndu sem er afar hagkvæmt þegar horft er til framtíðar.

Fleiri til starfa

Fámenni hefur lengi háð stofnunum úti á landi og í heilbrigðisdeild eru nemendur undirbúnir fyrir störf við ólíkar aðstæður.

- Forsagan er eiginlega sú að það var mikill skortur á heilbrigðismenntuðu fólki á landsbyggðinni. Það var eins og fólk fyrir sunnan kæmist aldrei upp úr Ártúnsbrekkunni! Hjúkrunarfræðingar eru fjölmennasta heilbrigðisstéttin og mikil þörf á þeim víða. Það var því afar bagalegt fyrir stofnanir úti á landi að geta aldrei fullmannað þau störf sem voru fyrir hendi. Þessi skortur á menntuðu fólki er líka það sem litið er til þegar við hugsum um iðjupjálfun. Það vantar hreinlega svo marga iðjupjálfa til starfa, einkum úti á landi. Með heilbrigðisdeildinni viljum við marka okkar sérstöðu þannig, að við gerum líka ráð fyrir að fólk geti farið að vinna úti á landsbyggðinni og undirbúum það með tilliti til þess. Það má nefna að eftir að háskólinn fór

að brautskrá hjúkrunarfræðinga, hefur Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri í fyrsta sinn getað fullmannað stöður hjúkrunarfræðinga, segir Sigríður.

Valkostur

Sigríður hefur lengi haft áhuga á því að búið yrði upp á nám í iðjupjálfun. Hún kynntist fræðigreininni á alþjóðlegri ráðstefnu í Finnlandi fyrir nokkrum árum, þar sem hún meðal annars hlýddi á fyrirlestra hjá áströlskum iðjupjálfum.

- Það er nú svo sérstakt að það er nánast við stofnun deildarinnar að rætt var um að bjóða upp á nám í iðjupjálfun. Ég hóf störf hér fyrir sex árum og það var eitt af mínum fyrstu verkum, eftir að ég var kosin að tala við Hope Knútsson formann ÍBÍ um þá hugmynd að stofna námsbraut í iðjupjálfun hér á Akureyri. Þeirri ósk deildi ég með flestum ef ekki öllum kennurum í deildinni. Við töldum að námsbraut í iðjupjálfun hentaði vel hér, enda mikill skortur á fólki til starfa í þessari mikilvægu stétt. Ég kynntist áströlskum iðjupjálfum á ráðstefnu í Finnlandi vorið 1991, sama ár og ég var kosin forstöðumaður heilbrigðisdeildar og fékk þá mikinn áhuga á að kynna mér fræðigreininna betur. Það kviknaði mikill áhugi hjá mér, bæði eftir að hafa kynnst þessum hópi og hlýtt á fyrirlestra þeirra. Innan deildarinnar hér var einhugur um að koma á fót námi í iðjupjálfun vegna þess að við þurfum að fá fleiri hefðbundnar

VIÐ TÖLDUM AÐ
NÁMSBRAUT Í IÐJUPJÁLFUN
HENTAÐI VEL HÉR, ENDA
MIKILL SKORTUR Á FÓLKI
TIL STARFA Í ÞESSARI
MIKILVÆGU STÉTT.

og sterkar háskólagreinar til viðbótar. Einkum þar sem til er fólk með meistaragráðu eða meira að baki og getur tekið að sér kennslu. Ég tel að iðjuþjálfunarbraut sé einmitt tímaþær nú, þegar þetta margir iðjuþjálfar hafa lokið, eða eru langt komnir með sína framhaldsmenntun. Það er í raun forsenda þess að byggja upp öfluga háskólakennslu í sterkri deild og grundvöllur fyrir rannsóknir í iðjuþjálfun, en ljóst er að slíkt tekur tíma, segir Sigríður.

Rétti tíminn

Verkefnin eru næg og það eru margar stöður fyrir iðjuþjálfra sem ekki hefur tekist að manna. Það er alveg ljóst að á mörgum stofnunum er tregða til þess að auglýsa lausar stöður þegar vitað er að skortur á fólki í starfsstéttinni er mikill. Leynd þörf kemur jafnvel ekki í ljós vegna fámennis í stéttinni.

- Ég tel að nú sé líka rétti tíminn því áherslur í þjóðfélaginu eru breyttar og iðjuþjálfun mun hasla sér völl á nýjum vettvangi í nánustu framtíð. Víða erlendis hefur það jú verið þróunin að þjónusta iðjuþjálfra færist út í samfélagið í takt við aukna áherslu á forvarnir, hæfingu og endurhæfingu þeirra sem búa í samfélaginu. Það er auðvitað tímaskekkja að ástandið sé þannig í dag að í sumum tilvikum þarf að leggja fólk inn á sjúkrahús til þess að það fái notið iðjuþjálfunar. Við verðum að horfast í augu við það að við höfum meiri efni á endurhæfingu og forvörnum en við höfum sinnt. Slíkt hefur svo margþætt áhrif bæði á einstaklinginn sjálfan og samfélagsþátttöku hans, það hlýtur að vera þjóðhagslega hagkvæmt fyrir utan að vera mannúðarsjónarmið, segir Sigríður.



Dr. Sigríður Halldórsdóttir á skrifstofu sinni að Þingvallastræti.

Kynning

Talsverð samkenndsla er á milli námsbrautanna tveggja í heilbrigðisdeild og það virðist koma vel út. Það er líka tímanna tákna að meiri áhersla er lögð á nána samvinnu heilbrigðisstétta. Aukinnar kynningar á iðjuþjálfun er þörf.

- Ef grunnurinn að samvinnu er lagður strax í námi þá eru meiri líkur á því að fólk tileinki sér teymisvinnu og virði styrkleika annarra fræðigreina þegar út í störfin er komið. Kynningar á iðjuþjálfun er þörf, það höfum við orðið vör við hér. Við megum því ekki sofa á verðinum hvað slíkt varðar. Almennur þekkir ekki nægilega til starfa iðjuþjálfra enda er þetta fámenn stétt hér á landi. Það þarf því að efla kynningu í fjölmíðlum líkt og ýmsar aðrar stéttir hafa gert. Góð samvinna við IPÍ er nauðsynleg varðandi endurmenntun og símenntun. Félagið hefur sinnt ákveðinni menntunarþörf iðjuþjálfra með því að standa fyrir námskeiðum og fræðslu af ýmsu tagi. Háskólinn á Akureyri hefur ákveðnum skyldum að gegna hvað þetta varðar. Ein hug-

GÓÐ SAMVINNA VIÐ ÞÍ ER NAUÐSYNLEG VARD- ANDI ENDURMENNTUN OG SÍMENNTUN. FÉLAGIÐ HEFUR SINNT ÁKVEDINNI MENNTUNARÞÖRF IÐJU- ÞJÁLFA MEÐ ÞVÍ AÐ STANDA FYRIR NÁMSKEIÐUM OG FRÆÐSLU AF ÝMSU TAGI.

mynd væri sú að standa fyrir alþjóðlegri ráðstefnu um iðjuþjálfun, samhliða námskeiðum fyrir iðjuþjálfra með meistaraþróf af öllum Norðurlöndunum. Það er einnig í umræðunni að skoða ýmsa möguleika á framhaldsnámi fyrir íslenska iðjuþjálfra. Við höfum reynslu af samstarfssamningi við Manchester háskólann Bretlandi og í janúar síðastliðnum hófu ellefu hjúkrunarfræðingar fjarnám til meistaraþrófs. Þeir eru mjög ánægðir og er í alla staði vel vandað til námsins. Kostnaður fjarnám af þessu tagi er mun minni en ef nemendur færu út til námsdvalar og samningurinn er okkur mjög í hag. Æskilegt er að gera einhvers konar samstarfssamning við erlendan háskóla um framhaldsnám í iðjuþjálfun og viðræður eru í gangi við Barböru O'Shea, prófessor við Dalhousie háskólann í Halifax, Kanada, sem heimsótti okkur í september. Það þarf að mennta stéttina enn betur því æskilegt er að sem flestir iðju-

þjálfar sem kenna nemendum, hvort sem er í bóklegu eða verklegu námi séu með framhaldsnám að baki.

Ég vil taka fram að ég er þakklát menntamálaráðherra fyrir að hafa sýnt stofnun námsbrautarinnar skilning frá upphafi sem og þeim mörgu þingmönnum sem studdu tillöguna á sínum tíma. Stuðningur var mikill og það skipti verulegu máli. Ég held að iðjuþjálfum hafi einnig tekist að kynna málið vel og á afar trúverðugan hátt, bæði við að uppfærða fólk og vinna því fylgi á þingi. Ég er ákaflega hrifin af framgöngu þeirra Snæfríðar og Guðrúnar í öllu því sem frá þeim hefur komið. Kynning á fræðigreininni hefur verið fagmannleg og vakið virðingu bæði fyrir stéttinni og faginu sem slíku, segir Sigríður að lokum.

PL/AIE

**Thermo
pac**

ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA

—hitabakstrar



—Eru með fyllingu úr sérstaklega

meðhöndluðum jarðleir.

— Framleiddir í þremur stærðum.

— Eru auðveldir að hita í vatni.

— Halda hitanum betur en áður hefur þekkt.

— Eru mjúkir og leggjast vel að likamanum.

— Eru með yfirborð úr plasti og bleyta

því ekki út frá sér.

Fást í apótekum.

Framleiddir úr Dalaleir af MEGIN ehf

sími 434 1312, Búðardal



Námið leggst vel í okkur en **mikið að lesa**

Á kafi í bókaestri
á lesstofunni að
Þingvallastræti.

**Spjallað við tvo nemendur á
iðjupjálfunarbraut, þau Ólafur
Örn Torfason 29 ára Akur-
eyring og Ásbjörgu Magnús-
dóttur 23 ára Reykvíking.**

Þau Ólafur Örn og Ásbjörg hafa bæði unnið á sambýlum fyrir fatlaða og hafa því reynslu af að vinna með fólki. Ólafur Örn er sjúkranuddari að mennt og starfar við það samhliða náminu. Hann segir að það sé erfiðara en hann bjóst við að vinna með skólanum, námið sé það strangt. Þau Ásbjörg og Ólafur Örn telja það nokkuð álag að samkeppnispróf sé yfirvofandi en það hafi ekki mikil áhrif á annars góðan anda í

hópnum, þetta sé jákvæður nemendahópur. Um það bil helmingur nemenda kemur af höfuðborgarsvæðinu. – Það skiptir miklu máli að auðvelt sé að fá vinnu að loknu námi. Hugur minn stefnir í þá átt að starfa með fötluðum börnum og vinna með hjálpartæki, segir Ásbjörg. Ólafur Örn tekur undir þetta með hjálpartækin en hefur jafnframt áhuga á að starfa með geðfötluðum. Þau eru sammála um það að mikið er að lesa, sérstaklega í líffærafræðinni. Námið leggst engu að síður vel í þau. Margir í hópnum eru ákveðnir í að reyna aftur, nái þeir ekki tilskildum árangri í fyrstu umferð, segja Ásbjörg og Ólafur Örn að lokum.

PL/AIE

IÐJUPJÁLFUN VERÐUR ÍSLENSK FRÆÐIGREIN

STAÐA OG ÞRÓUN – NÁM Á IÐJUPJÁLFUNAR- BRAUT HÁSKÓLANS Á AKUREYRI

Grein þessi er byggð á erindi fluttu af höfundri á ráðstefnudegi heilbrigðisdeildar Háskólans á Akureyri þann 27. september 1997. Ráðstefnudagurinn var haldinn í tilefni af 10 ára afmæli deildarinnar, en heilbrigðisdeild var önnur tveggja deilda, sem tóku til starfa við stofnun Háskólans á Akureyri fyrir 10 árum síðan. Viðfangsefni þessarar greinar er tvíþætt.

Í fyrsta lagi er fjallað um stöðu og þróun iðjupjálfunar, bæði á heimsvísu og á Íslandi. Í öðru lagi er ríftjaður upp aðdragandinn að stofnun háskólanáms í iðjupjálfun á Íslandi og uppbygging og skipulag námsbrautarinnar við Háskólann á Akureyri kynnt.

ark & Larson, 1993; Reed, 1993). Í fyrri heimsstyrjöldinni var þessi sama aðferð notuð til að bæta líðan og flýta fyrir bata slasaðra hermanna og tengsl mynduðust milli iðjupjálfunar og læknávisindanna. Upp úr því var iðjupjálfun skilgreind sem heilbrigðisstétt undir yfirráðum lækna (Reed, 1993).

Þörfin fyrir iðjupjálfa jókst gífurlega á tímum síðari heimsstyrjaldarinnar og eftir það breiddist iðjupjálfun ört út um heiminn. Miklar framfarir urðu í líkamlegri endurhæfingu, sem varð til þess að hugsjón gömlu spekinganna hvarf í skuggann og iðjupjálfar gáfu fyrirmæli um athafnir er beindust að ákveðnum sjúkdómseinkennum (Reed, 1993; Clark & Larson, 1993). Iðjupjálfar þessa tíma aðhylltust smættarhyggju og urðu sérfræðingar á afmörkuðum sviðum. Oft var því erfitt að sjá muninn á iðjupjálfun og öðrum fræðigreinum. Þetta var tímabil kreppu í faginu þar sem toguðust á þörfin fyrir heildarhyggju og iðjusýn annars vegar og þörfin fyrir vísindalega viðurkenningu hins vegar (Clark & Larson, 1993; Kielhofner & Burke, 1977).

Undanfarna tvo áratugi hafa iðjupjálfar verið að endurskoða viðhorf sitt til iðju. Þeir fóru að skrifa, gera rannsóknir og þróa kenningar og á þann hátt hefur þeim tekist að sanna gildi hinna upprunalegu viðhorfa og aðferða í iðjupjálfun án þess að missa niður alla þá þekkingu og reynslu sem stéttin öðlaðist á tímum smættarhyggjunnar (Clark & Larson, 1993). Afraksturinn er að orðið hefur til ný grein innan félagsvísinda, iðjuvís-



Guðrún Pálmadóttir.

Frá hugsjón til vísinda

Rætur iðjupjálfunar má rekja næstum því þrjú hundruð ár aftur í tímann. Iðjupjálfun varð til vegna þess að það voru einstaklingar sem trúðu því að það sem fólk hefði fyrir stafni dags daglega hefði áhrif á heilsufar þess og almenna líðan (Reed, 1993). Fyrir miðja 18. öld ruddi sú hugmynd sér til rúms bæði í Evrópu og Ameríku að nota mætti störf og tómstundaiðju til að flýta fyrir bata geðsjúklunga (Reed, 1993). Þessi hugmynd grundvallaðist á mannlegri visku, þar sem litið var á manninn sem heild og iðjupjálfun þessa tíma taldist til hugvísinda. Þetta var blómatímabil iðju með staðfastri trú á að maðurinn hefði þörf fyrir virkni og að iðja hefði lækningamátt. Hlutverk iðjupjálfa var að gefa honum tækifæri til að stunda iðju (Cl-

indi, en þar er áherslan á að útskýra iðju í breiðum skilningi. Iðjuvísindi eru grunnvísindi, sem skila hagnýtu gildi sínu til iðjubjálfunar vegna þess að þau veita upplýsingar um iðju mannsins og láta sig varða röskun á færni fólks til að velja og stunda iðju. Iðjubjálfun nútímans byggir á vísindalegum grunni sem á sér rætur í viðhorfum iðjubjálfa fyrri tíma (Clark & Larson, 1993). Doktorsprógramm í iðjuvísindum fékkst viðurkennt við Suður-Kaliforníu háskólann í Bandaríkjunum árið 1989.

Alþjóðasamband iðjubjálfa var stofnað 1951 af 10 þjóðlöndum. Nú eru um 40 þjóðlönd í Alþjóðasambandinu, en hlutverk þess er að stuðla að alþjóðlegum samskiptum og efla þróun iðjubjálfunar, meðal annars með alheimsráðstefnum á fjögurra ára fresti. Alþjóðasambandið stendur vörð um og setur staðla varðandi nám og þjónustu iðjubjálfa (Reed, 1993). Lámarskröfur sambandsins til náms eru að námið taki að minnsta kosti 3 ár, um helmingur námisins séu iðjubjálfunargreinar og að verk-nám sé minnst 1000 tímar (Council of the World Federation of Occupational Therapists, 1993).

Iðjubjálfun á Íslandi

Fyrsti íslenski iðjubjálfinn hóf störf á Kleppsspítala árið 1945 (Guðrún Pálmadóttir og Kristjana Fenger, 1990). Nokkrir til viðbótar, einkum útlendingar voru hér við störf af og til næstu 30 árin, en 1974 fóru að bætast Íslendingar í hópinn. Árið 1976 var hér 10 manna hópur, Íslendinga og útlendinga, sem stofnaði Iðjubjálfafélag Íslands. Fyrsta verkefni félagsins var að fá samþykkt lög um iðjubjálfun á Alþingi til verndar starfsheitinu iðjubjálfi árið 1977. Iðjubjálfafélag Íslands hefur frá upphafi tekið virkan þátt í norrænu samstarfi iðjubjálfafélaga og gerðist strax aðili að Alþjóðasambandi iðjubjálfa (Guðrún Pálmadóttir, 1996). Það er einnig aðili


að Evrópubandalagi iðjubjálfa síðan 1989. Frá því 1982 hefur iðjubjálfafélagið gefið út sitt eigið fagttímarit - Iðjubjálfan.

Iðjubjálfum á Íslandi hefur fjölgað nokkuð jafnt og þétt í gegnum árin (sjá 1. mynd). Að meðaltali er fjölgunin tveir til þrír iðjubjálfar á ári sem skila sér til starfa (Guðrún Pálmadóttir, 1996). Eins og í öðrum stéttum eru aldrei allir í starfi í einu. Núna eru 84 iðjubjálfar á Íslandi, en samkvæmt síðustu símaskrá iðjubjálfafélagsins starfa 71 þeirra við fagið og þar af aðeins 10 utan höfuðborgarsvæðisins (Iðjubjálfafélag Íslands, 1997). Einnig er nokkuð um að fólk hafi ekki skilað sér heim að námi loknu.

Iðjubjálfar hér á landi eru mjög skammt á veg komnir hvað varðar fjölbreytni í starfsvettvangi (Guðrún Pálmadóttir, 1996). Eins og sést á 2.

**UNDANFARNA TVO
ÁRATUGI HAFA IÐJU-
BJÁLFA VERIÐ AÐ
ENDURSKOÐA VIÐ-
HORF SITT TIL IÐJU.
ÞEIR FÓRU AÐ SKRIFA,
GERA RANNSÓKNIR OG
ÞRÓA KENNINGAR OG
Á ÞANN HÁTT HEFUR
ÞEIM TEKIST AÐ
SAMNA GILDI HINNA
UPPRUNALEGU VIÐ-
HORFA OG AÐFERÐA Í
IÐJUBJÁLFUN ÁN ÞESS
AÐ MISSA NIÐUR ALLA
ÞÁ ÞEKKINGU OG
REYNSLU SEM STÉTT-
IN ÖÐLADIST
Á TÍMUM SMÆTTAR-
HYGGJUNNAR**


Fjöldi starfandi iðjubjálfa 1975 - 1997



1. mynd

mynd þá starfar meginhluti iðjubjálfa innan hefðbundinna stofnana. Hér er átt við almenn sjúkrahús og endurhæfingarstöðvar þar sem skjólstaðingar eru innlagðir eða fá þjónustu frá göngudeild. Þetta er mjög frábrugðið því sem gerist hjá nágrannabjóðum, en í Danmörku starfar um helmingur allra iðjubjálfa utan stofnana (Guðrún Pálmadóttir og Snæfríður Þóra Egilsson, 1996). Það er þó sýnileg breyting hér hjá okkur, því síðustu tvö árin hefur fjölgað verulega þeim iðjubjálfum er starfa á vegum svæðisstjórna

Starfsvettvangur iðjuþjálfa 1975 - 1997



2. mynd

HIN AUKNA ÁHERSLA Á FORVARNIR OG HEILSUEFLINGU SKAPAR LÍKA FLEIRI VIÐFANGSEFNI FYRIR IÐJUPJÁLFA. SAMANBORIÐ VIÐ NÁGRANNAÞJÓÐIR ER ÍSLAND LANGT Á EFTIR HVAÐ VARÐAR FJÖLDA IÐJUPJÁLFA Á HVERJA 100 ÞÚSUND ÍBÚA.


og sveitarfélaga (Iðjuþjálfafélag Íslands, 1997). Það er á þessum sviðum sem við sjáum fram á örustu fjölgunina í komandi framtíð í tengslum við heimaþjónustu og skólakerfið. Eins og staðan er í dag þarf fólk helst að leggjast inn á stofnun til að komast í tengsl við iðjuþjálf.

Einnig hvað varðar starfssvið er iðjuþjálfun á Íslandi mjög einhæf (Guðrún Pálmadóttir, 1996). 3. mynd sýnir að langflestir iðjuþjálfar starfa með fullorðnum skjólstaðingum sem eiga við líkamlega erfiðleika að etja. Mjög fáir vinna með börnum, en til samanburðar má geta þess að í Bandaríkjunum vinnur um þriðjungur iðjuþjálfar á því sviði (Guðrún Pálmadóttir og Snæfríður Þóra Egilsson, 1996). Iðjuþjálfum sem starfa með fólki, er býr við geðræna erfiðleika hefur meira að segja fækkað síð-

ustu 10 árin.


Við vitum að það er mikill skortur á iðjuþjálfum á Íslandi. Þetta þýðir samt ekki að það séu lausar stöður fyrir iðjuþjálfar úti um allt. Stöður verða venjulega ekki til fyrr en vitað er að fyrir hendi sé starfskraftur til að fylla upp í þær. Hins vegar blasa verkefni við alls staðar. Þjóðfélagsbreytingar og breytt viðhorf og áherslur í heilbrigðis- og félagsþjónustu kalla í ríkari mæli eftir þjónustu iðjuþjálfar. Þessi viðhorf varða sjálfræði og jafnrétti (Townsend & Brintnell, 1997). Í dag er stefnt að því að aldraðir, sjúkir og fatlaðir eigi þess kost að búa sem lengst á eigin heimili og taka virkan þátt í samfélaginu þó starfsorka þeirra sé skert (Stjórnartíðindi, 1989 og 1991). Hin aukna áhersla á forvarnir og heilsueflingu skapar líka fleiri viðfangsefni fyrir iðjuþjálfar (Townsend & Brintnell, 1997). Samanborið við nágrannaþjóðir er Ísland langt á eftir hvað varðar fjölda iðjuþjálfar á hverja 100 þúsund íbúa. Í Danmörku þar sem þessi tala er um 70 er enn þá verulegur skortur á iðjuþjálfum og skólarnir hafa nýlega aukið við nemendakvóta sína (Committee of Occupational Therapists for the European Communities, 1997). Sambærileg tala fyrir Svíþjóð er 67, en 31 fyrir Ísland. Þar til nú hafa íslenskir iðjuþjálfar orðið að sækja menntun sína út fyrir landsteinana (Guðrún Pálmadóttir, 1996). Eins og sjá má á 4. mynd hafa langflestir numið á Norðurlöndum, einkanlega í Danmörku, en af 68 iðjuþjálfum í árslok 1995 höfðu 42 lært þar. Þetta hefur vissulega skapað fjölbreytni í stéttinni, en ókostirnir eru þó margfalt fleiri. Menntun iðjuþjálfar hér á landi hefur ekki verið samræmd og þaðan af síður hefur hún miðast við þarfir íslensks samfélags. Af iðjuþjálfaskólum á Norðurlöndunum eru það aðeins skólar í Svíþjóð sem útskrifa með BS gráðu. Fæstir ís-

Starfssvið iðjuþjálfar 1975 - 1997



3. mynd

Námslönd iðjubjálfa 1995



4. mynd

lenskir iðjubjálfar hafa því formlega háskólagráðu, sem hefur takmarkað mjög möguleika þeirra til framhaldsnáms (Guðrún Pálmadóttir, 1996; Guðrún Pálmadóttir og Snæfríður Þóra Egilson, 1996).

Aðdragandi að íslensku námi

Nám í iðjubjálfun hér á landi hefur verið fremsta baráttumál Iðjubjálfafélags Íslands frá upphafi (Guðrún Pálmadóttir, 1996). Eftirspurn eftir náminu hefur verið mikil í langan tíma, en sífellt erfiðara verður að komast í nám erlendis. Það var þó ekki tímabært að hefja virka baráttu fyrir námi fyrr en á 9. áratugnum vegna fæðar í faginu. Árið 1988 var skipuð nefnd af Menntamálaráðuneyti til að kanna möguleikana á að koma á fót íslensku námi í iðjubjálfun og skilaði sú nefnd álit 1989. Nefndin lagði til að við Háskóla Íslands yrði skipulagt 120 eininga nám í iðjubjálfun er lyki með BS gráðu (Menntamálaráðuneytið, 1989). Þingsályktunartillaga til stuðnings þessari ályktun var samþykkt á Alþingi árið 1995. Samstarf hófst milli Háskóla Íslands og iðjubjálfafélagsins 1992 og stóð yfir allt til haustsins 1996 án þess að til verulegra tíðinda drægi. Ekki náðist samstaða innan veggja háskólans um að koma náminu á fót, þrátt fyrir að ýmsir aðilar þar væru því mjög hlynntir. Reynsla sú og vinna er af þessu samstarfi hlaust átti samt eftir að koma sér vel við undirbúning námsins norðan heiða.

Á fyrsta formlega deildarfundi

heilbrigðisdeildar Háskólans á Akureyri 1990, var rætt um þann möguleika að stofna námsbraut í iðjubjálfun við háskólann (Elsa B. Friðfinnsdóttir, Guðrún Pálmadóttir, Hermann Óskarsson og Snæfríður Þóra Egilson, 1997). Uppihald varð á þessari umræðu þar til síðla árs 1994 er þingsályktunartillagan lá fyrir Alþingi. Í mars síðast liðnum hófst svo formlegt samstarf milli Háskólans á Akureyri og Iðjubjálfafélags Íslands, og þann 3. apríl skipaði háskólarektor, Þorsteinn Gunnarsson, starfshóp til þess að móta tillögur um námsbraut í iðjubjálfun við háskólann, uppbyggingu hennar og skipulag. Starfshópurinn skilaði minnisblaði og greinargerð til háskólarektors 9. maí sem síðan voru lögð fyrir háskólanefnd þrem dögum síðar, þar sem rektor var falið að vinna að málinu. Málið var lagt fyrir Björn Bjarnason menntamálaráðherra þann 21. maí og lokaskýrslu skilaði starfshópurinn af sér 2. júní. Á fundi 9. júní samþykkti háskólanefnd Háskólans á Akureyri að hefja kennslu í iðjubjálfun innan heilbrigðisdeildar á haustmisseri 1997, fengjust til þess nauðsynlegar heimildir stjórnvalda. Svar menntamálaráðherra barst svo tveim dögum síðar þar sem ráðuneytið veitti leyfi sitt.

Iðjubjálfunarbraut

Iðjubjálfunarbraut Háskólans á Akureyri lætur sig varða heilsu og lífsgæði landsmanna og leggur áherslu á að þjónusta iðjubjálfa sé í boði þar sem hennar er þörf (Elsa B. Friðfinnsdóttir og félagar, 1997). Námið tekur mið af þörfum íslensks heilbrigðiskerfis og fer langt fram úr því að mæta alþjóðlegum staðli. Iðjubjálfunarbrautin menntar nemendur til BS gráðu í iðjubjálfun sem jafnframt veitir þeim starfsréttindi sem iðjubjálfar. Þeir nemendur er ljúka námi í iðjubjálfun frá Háskólanum á Akureyri skulu hafa tileinkað sér færni og þekkingu

sem gerir þeim kleift:

- að þróa trausta fagímýnd og taka ábyrgð á eigin fagmennsku og vinnubrögðum
- að eiga fagleg samskipti sem stuðla að gæðaþjónustu fyrir neytendur
- að veita íhlutun sem byggð er á fræðilegum grunni og í samræmi við þarfir skjólstæðinga, umhverfi þeirra og aðstæður
- að taka þátt í endurmenntun, rannsóknnum og gæðamati er stuðlar að þróun iðjuþjálfunar sem fræðigreinar (Elsa B. Friðfinnsdóttir og félagar, 1997).

Nám í iðjuþjálfun við Háskólann á Akureyri tekur fjögur ár. Námið er 120 námseiningar og skiptist í fjóra meginþætti; raunvísindi, félagsvísindi, heilbrigðisvísindi og iðjuvísindi (5. mynd).

1. Raunvísindi eru 22 námseiningar, þar sem nemendur öðlast þekkingu á uppbyggingu og starfsemi mannlíkamans og læra að beita tölfraeðilegum aðferðum við rannsóknir.
2. Félagsvísindi eru einnig 22 námseiningar, þar sem nemendur fá þekkingu á siðfræði, sálfræði, félagsfræði, þroskafræðum, stjórnun og aðferðafræði félagsvísindanna.
3. Heilbrigðisvísindi eru 10 námseiningar, en þar öðlast nemendur þekkingu á eðli sjúkdóma og annarra fyrirbæra er ógna andlegri og líkamlegri heilsu. Einnig kynnist þeir þar ýmsum þeim aðferðum sem beitt er í heilbrigðisþjónustu til forvarna, lækninga og heilsueflingar.

5. mynd

Námsþættir

Raunvísindi

- líffærafræði (9)
- lífeðlisfræði (6)
- hreyfingafræði (3)
- töl- og aðferðafræði (4)

Félagsvísindi

- heimspeki (3)
- sálfræði (5)
- félagsfræði (4)
- þroskafræði (6)
- aðferðafræði (2)
- stjórnun (2)

Heilbrigðisvísindi

- meinafræði (2)
- sjúkdómafræði (6)
- heilbrigðisfræðsla (2)

Iðjuvísindi

- fræðigrunnur (6)
- iðja (12)
- íhlutun iðjuþjálfara (26)
- verknám (13)
- rannsóknir (9)

4. Iðjuvísindi eru 66 námseiningar, en markmið þeirrar kennslu er að nemendur öðlist viðtæka þekkingu á iðju mannsins og þeirri hugmyndafræði og kenningum er íhlutun iðjuþjálfara grundvallast á. Einnig að nemendur nái valdi á starfsaðferðum iðjuþjálfunar í þeim tilgangi að efla iðju skjólstæðinga sinna. Þá er lögð áhersla á þátttöku nemenda í þróun og rannsóknunum er tengjast iðjuþjálfun.

Að sjálfsgöðum er skörun milli þessara meginþátta, ekki hvað síst milli iðjuvísinda og heilbrigðisvísinda. Gert er ráð fyrir að unnt verði að samkenna um 30 námseiningar með nemum í hjúkrunarfræði (Elsa B. Friðfinnsdóttir og félagar, 1997).


Við skipulagningu á ferli námsins var notað líkan þróað 1995 af Gail Hills Maguire, Guðrúnu Pálmadóttur og Snæfríði Þóru Egilson (Elsa B. Friðfinnsdóttir og félagar, 1997). Námið er þannig byggt upp að vægi stöðgreina, sérstaklega raunvísinda og félagsvísinda, er mest fyrstu tvö árin meðan nemendur eru að byggja upp staðgöða þekkingu á manninum og tilveru hans (6. mynd).

Á sama tíma byrja nemendur að læra um iðju mannsins og samspil iðju, manns og umhverfis. Á síðari hluta 2. árs og á 3. ári fara nemendur að fást við viðfangsefni þar sem færni mannsins til daglegrar iðju er skert og eftir það vex vægi iðjuþjálfunargreina mjög og á síðasta árinu eru iðjuvísindin alls ráðandi. Verknám, sem er innifalið í iðjuvísindunum, er í allt 25 vikur; 4 vikur í upphafi 3. árs, 10 vikur á haustönn 4. árs og 11 vikur á vorönn 4. árs.

Tímamót

Nám í iðjuþjálfun er hafið við heilbrigðisdeild Háskólans á Akureyri. Nú í haust innrituðust 32 nemendur, en aðeins 15 þeirra öðlast réttindi til að halda áfram námi á vorönn að loknum samkeppnisprófum í desember (Elsa B. Friðfinnsdóttir og félagar, 1997). Fjöldatakmörkunum í

Námsferli



6. mynd

ÞAÐ HYLLIR NÚ UNDIR AÐ IÐJUPJÁLFUN VERÐI ÍSLENSK FRÆÐIGREIN, ÞAR SEM FRÆÐIGRUNNUR, HUGTÖK OG VERKFÆRI ERU TIL Á ÍSLENSKU, MIÐUÐ VIÐ ÍSLENSKAR AÐSTÆÐUR OG BYGGÐ Á RANNSÓKNUM.

nám í iðjupjálfun verður beitt áfram, en vonandi verður unnt að hækka þessa tölu aðeins innan fárra ára. Fjöldatakmörkunin ræðst fyrst og fremst af takmörkuðum fjölda verknaðsplássa. Ráðið var í 1½ stöðu lektors í haust vegna tilkomu brautarinnar. Áætlað er að stöðugildi lektora með sérþekkingu á iðjupjálfun verði 5 til 6 þegar fram líða stundir og kennt verður á öllum námsárum. Auk þess er reiknað með þátttöku stundakennara í kennslu

Tilkoma náms í iðjupjálfun boðar mikil og merk tímamót í sögu iðjupjálfunar á Íslandi. Fjölgunin verður ör, eða um 15 á ári, sem mun leiða til róttækra breytinga á starfsvettvangi og viðfangsefnum iðjupjálfa. Það hyllir nú undir að iðjupjálfun verði íslensk fræðigrein, þar sem fræðigrunnur, hugtök og verkfæri eru til á íslensku, miðuð við íslenskar aðstæður og byggð á rannsóknum. Iðjupjálfunarbrautin mun leggja metnað sinn í að veita nemendum sínum þá bestu menntun sem möguleg er á hverjum tíma og einnig að vera virkur þátttakandi í þróun og samstarfi er varðar iðjupjálfun, bæði hérlandis og á alþjóðlegum vettvangi.

Greinarhöfundur er lektor og brautarstjóri iðjupjálfunarbrautarar við Háskólann á Akureyri

Heimildaskrá

Clark, F. & Larson, E. A. (1993). Developing an Academic Discipline: The Science of

Occupation. Í Hopkins, H. L. & Smith, H. D. (ritstj.) *Willard and Spackmans's Occupational Therapy*. Philadelphia: Lippincott Company.

Committee of Occupational Therapists for the European Communities (1997). *Occupational Therapists: EC Chart*.

Council of The World Federation of Occupational Therapists (1993). *Minimum Standards for the Education of Occupational Therapists*.

Elsa B. Friðfinnsdóttir, Guðrún Pálmadóttir, Hermann Óskarsson og Snæfríður Þóra Egilson (1997). *Iðjupjálfunarbraut við heilbrigðiseild Háskólans á Akureyri*. Loka-skýrsla starfshóps. Háskólinn á Akureyri.

Guðrún Pálmadóttir og Kristjana Fenger (1990). Iðjupjálfun. *Bláð iðjupjálfafélags Íslands*, 12, (7-10).

Guðrún Pálmadóttir (1996). Occupational Therapy Education Program in Iceland—Needs and Development. *World Federation of Occupational Therapists Bulletin*, 33, (19-23).

Guðrún Pálmadóttir og Snæfríður Þóra Egilson (1996). *Háskólanám í iðjupjálfun á Íslandi*. Skýrsla ununn fyrir Háskóla Íslands. Óbirt.

Iðjupjálfafélag Íslands (1997). *Símaskrá iðjupjálfafélags Íslands*.

Kielhofner, G. K. & Burke, J. P. (1977). Occupational Therapy after 60 Years: An Account of Changing Identity and Knowledge. *The American Journal of Occupational Therapy*, 31, (675-689).

Kennsla í iðjupjálfun á Íslandi - Nefndarálit (1989). *Menntamálaráðuneytið*. Reykjavík. Óbirt.

Lög um málefni aldraðra (1989). *Stjórnartíðindi*. Reykjavík.

Lög um félagsþjónustu sveitarfélaga (1991). *Stjórnartíðindi*. Reykjavík.

Reed, K. L. (1993). *The Beginnings of Occupational Therapy*. Í Hopkins, H. L. & Smith, H. D. (ritstj.) *Willard and Spackmans's Occupational Therapy*. Philadelphia: Lippincott Company.

Townsend, E. & Brintnell, S. (1997). *Context of Occupational Therapy*. Í Townsend, E. (ritstj.) *Enabling Occupation: An Occupational Therapy Perspective*. CAOT Publications ACE. Ottawa, Ontario.

Grein þessi byggir á fyrirlestri sem fluttur var á 10 ára afmælis-hátíð heilbrigðisdeildar Háskólans á Akureyri þann 27. septem-ber síðastliðinn. Tilgangurinn með fyrirlestrinum var að kynna viðstöddum nálgun og fræðasýn iðjuþjálfra.

IÐJA

Einn heimspekinga þessarar aldar, Austurríkismaðurinn Ludwig Wittgenstein, skrifaði eitt sinn á þá leið, „að þeir hlutir sem okkur eru mikilvægir séu oft huldir sjónum okkar vegna þess hversu einfaldir þeir eru. Við álitum þá sjálf-sagða þar til sjúkdómar, fötlun eða breyttar aðstæður hindra okkur og koma í veg fyrir að við getum sinnt venjubundnum daglegum verkefnum, okkar daglegu iðju.“ (Christiansen, 1993; Snæfríður Þóra Egilson og Þóra Leósdóttir, 1997).

Skilgreining á hugtakinu „iðja“

Iðjuþjálfar skilgreina iðju sem athafnir og verk sem hafa gildi og þýðingu fyrir einstaklinginn sjálfan og samfélagið í heild. Iðja er því allt það sem fólk tekur sér fyrir hendur til að annast sjálft sig, vera nýtir þjóðfélagsþegnar og njóta lífsins (Elsa Friðfinnsdóttir, Guðrún Pálmadóttir, Hermann Óskarsson og Snæfríður Þóra Egilson, 1997). Í stórum dráttum má skipta iðju í þrjú svið og hér fyrir neðan má sjá dæmi um verk sem falla undir hvert þeirra:

Að vísu er þetta ekki svona slétt og fellt í raun, heldur er töluverð skörun á milli sviða. Það að snyrta sig og greiða hár fellur undir eigin umsjá hjá okkur flestum, en svo eru sumir sem hafa slíka iðju að lifibrauði. Oft eru skilin heldur ekki skörp á milli starfa annars vegar og leikja og tómstunda-iðju hins vegar (Primeau, 1996).

Birtingarform iðju

Iðja birtist ýmist sem alvöruþrungið verkmiðað atferli, sem gleðiríkt skapandi atferli og allt þar á milli (Kielhofner, 1993; Primeau, 1996). Það er hverjum manni nauðsynlegt að ná ákveðnu jafnvægi í iðjumynstri sínu. Þetta lýsir sér í því að fólk sem vinnur mjög formleg störf velur oft tómstunda iðju af ólíkum toga. (Sjá 2.mynd)

Gildi iðju fyrir þroska og aðlögun

Óhætt er að fullyrða að gildi daglegrar iðju sé fjölbætt og skipti miklu fyrir þroska og aðlögun hvers einstaklings. Ef hennar nyti ekki við væri í raun lítill sem aðgreindi manninn frá dýrum.



Snæfríður Þóra Egilson

eigin umsjá

snyrting
hreinklæti
fá sér að borða
fara um innan húss
og utan

störf

heimilishald
nám
umönnun
atvinna

leikir og tómstundaíðja

barnaleikir
íþróttir
listsköpun
þátttaka í félagslífi

1. mynd


(heimildir: Guðrún Pálmadóttir, Kristjana Fenger, Rósa Hauksdóttir, Sigrún Garðarsdóttir, Snæfríður Þóra Egilson og Þóra Leósdóttir, 1996).

• Líffræðilegt gildi:

Álitid er að markviss þátttaka í iðju af ýmsu tagi hafi áhrif á lífeðlisfræði heilans. Rannsóknir á ungabörnum sem hafa farið á mis við skynreynslu sýna að það hefur alvarleg og varanleg áhrif á þroska þegar heilinn fær ekki tækifæri til að takast á við fjölbreytta þætti í umhverfinu, leysa viðfangsefni af ólíkum toga og samhæfa hugsun og hreyfingar. Það má því segja að iðja gegni mikilvægu

menna líðan. Ef störfín sem við stundum veita okkur ekki ánægju og útrás fyrir eigin hæfileika getur dægradvöl, svo sem tómstundaiðja af ýmsu tagi, gegnt mikilvægu hlutverki í því skyni. (Kielhofner, 1993). Hverjum manni er nauðsynlegt að ná ákveðnu jafnvægi milli starfa, frístunda og svefns. Þetta jafnvægi er einstaklingsbundið og háð lífshlaupi hvers og eins, samfélagi hans og menningu.

Iðja



2. mynd Kielhofner (1993) Úr Hopkins og Smith (ritstj.) bls. 139.

hlutverki við að viðhalda líffræðilegri starfsemi einstaklingsins. (Kielhofner, 1993).

• Sálfræðilegt gildi:

Náid samband er á milli iðju og sálfræðilegs þroska. Reynsla barna og upplifan fyrstu árin ýta undir forvitni, stuðla að því að barnið finni ólíkar leiðir að settu marki og tengi saman markmið og leiðir. Um leið vex því ásmegin og það öðlast vissu um eigin færni og ágæti. (Snæfríður Þóra Egilson og Þóra Leósdóttir, 1997). Í gegnum iðju fullnægja menn eigin áhugamálum og þróa fjölbreytta hæfileika. Störf eru oft uppspretta sjálfsmýndar, sjálfálits og hæfni. Öll þekkjum við ánægjuna af því að takast vel upp með hlutina og það má fullyrða að slíkt hafi bætandi áhrif á geðheilsu og al-

• Félagslegt gildi:

Aftur komum við að leiknum, en í gegnum hann þjálfar barnið félagslega færni og lærir gildi og samskiptareglur samfélagsins. Leikur barna endurspeglar oft gildismat og viðfangsefni hins fullorðna samfélags á meðan leikur fullorðinna viðheldur siðgæði, skyldurækni og gildismati þess. Félagslegt umhverfi og menning hefur mikil áhrif á hvaða form leikja og tómstundaiðju menn velja sér. Hið sama á reyndar við um störf. Störf skapa félagsleg tengsl, ekki síst vegna þeirrar verkaskiptingar sem þau krefjast (Kielhofner, 1993). Fullyrða má að hvorki einstaklingar né samfélög geti þrífist án starfa af ýmsu tagi.

Iðja mannsins

Í líkaninu um iðju mannsins tal-

bandaríski kenningasmiðurinn Gary Kielhofner (1995) um innra skipulag mannsins og nefnir í því sambandi þrjár leiðir eða kerfi til að greina og skilja iðju og atferli í daglegu lífi.

Hlutverk **viljakerfisins** er, eins og nafnið felur í sér, að velja þá iðju sem fólk vill eða þarf að takast á við. Inn í það spilar vitund um eigin færni og takmarkanir, hvernig beri að stjórna eigin atferli og stefna að settu marki. Réttlætiskennnd, áhugi, gildismat og val eru allt þættir sem falla undir þetta kerfi.

Við notum **vanakerfið** til að koma hvers kyns iðju fyrir í dagsins önn, flokka hana og skipuleggja. Fólk er yfirleitt ótrúlega sjálfu sér samkvæmt í því hvað, hvenær og hvernig það gerir hlutina. Þessi venju-myndun er tilhneiging til að skapa ákveðið hegðunarmynstur sem skilar árangri. Venjur draga úr áreynslu, þannig að fólk getur jafnvel gert margt í einu. Venjur gefa lífi þess reglufestu og skipulag og stjórna því hvernig það skipuleggur daglegt líf, vikur, árstíðir og umhverfi í víðasta skilningi.

Hæfnikerfið, tekur síðan til þeirra eiginleika, andlegra og líkamlegra, sem nauðsynlegir eru til að framkvæma. Það ræður úrslitum um **hvernig** fólk tekst á við iðju og **hver** útkoman verður.

Sérkenni iðju

Drögum nú saman helstu sérkenni iðju, eins og þau eru sett fram í nýttútkomnu riti kanadíska iðjubjálfafélagsins (Law, Polatajko, Baptiste og Townsend, 1997):

- **Iðja er ein af grunnþörfum mannsins**

Hugmyndin um að iðja sé lífsnauðsyn tengist þróun fagsins í byrjun þessarar aldar. Heimspekingurinn

Dunton, einn af frumkvöðlum iðjubjálfunar, staðhæfði að það að hafa eitthvað fyrir stafni væri jafn mikilvægt hverjum manni eins og að nærast. Allir menn ættu að stunda iðju af líkamlegum og andlegum toga og sem þeir kunna að meta. Fólk tekst á við fjölbreytta iðju á lífsleiðinni og auðveldar hún því að skipuleggja atferli, tíma og fá útrás fyrir mismunandi þarfir. Iðja okkar gerir okkur að því sem við erum!

- **Iðja hefur áhrif á heilsu**

Heilsa er annað og meira en það að vera „ekki veikur“ og heilsa er háð því sem fólk hefur fyrir stafni. Iðjubjálfar beina sjónum sínum að tengslum þar á milli. Sjúkdómar, slys og áföll af ýmsu tagi koma oft í veg fyrir að fólk geti stundað sína hefðbundnu iðju. Það getur aftur leitt til enn víðtækari áhrifa á heilsufar, þannig að eins konar víta-hringur myndast. Í Alma Alta-stefnuyfirlýsingunni frá WHO, heilsa fyrir alla árið 2000, er víkið að mikilvægi þess að fólk fái grunnþörfum sínum fullnægt. Þrátt fyrir að orðið iðja sé ekki notað beint í þessu sambandi, má lesa út úr yfirlýsingunni að heilsa fólks sé háð því að það geti stundað iðju sem veiti þýðingu og tilgang og í krafti hennar öðlast húsaskjól, atvinnu, samfélag og notið lífsins.

- **Iðja gefur þýðingu og tilgang.**

Iðja gefur lífinu gildi. Hér erum við að tala um huglæga upplifun sem byggir mest á fyrri reynslu og tilfinningum hvers og eins, það sem er mikilvægt fyrir hvern og einn. Iðja hefur einnig tilgang og tengist hann oft væntingum og framtíðar-markmiðum. Þetta tvennt kann sumum að finnast nátengt, en það er þó ekki eitt og hið sama. Að keyra bíl til vinnu hefur greinilegan tilgang fyrir flesta. Unglingur sem er nýbúinn að fá bílpróf fær þó annað

og miklu meira út úr því að sitja undir stýri, fyrir honum er það aðalatriði, en ekki aðeins leið að settu marki.

- **Iðja gefur tækifæri á vali og veitir stjórn á eigin lífi.**

Fólk öðlast val og stjórn á eigin lífi, við það að ákveða hvað það vill gera, hvernig og hvenær. Stjórn er hins vegar háð aðstæðum hverju sinni. Það þýðir lítt að ákveða að fara á skíði ef snjóinn vantar, eða að leggja í heimsreisnu með tómmt veski!

- **Iðja veitir jafnvægi og ánægju.**

Eins og vikið var að hér að framan gefa venjur lífi fólks reglufestu og ráða að miklu leyti því hvernig það skipuleggur gjörðir sínar. Það sem fólki finnst ánægjulegt tengist því hvernig það skipuleggur tíma okkar. Þetta er háð þroskastigi, lífsskeiði og samfélagi hverju sinni. Menning hefur einnig mikið að segja. Hér á landi er yfirleitt lögð mikil áhersla á störf, en tómstundaiðju gefinn minni gaumur. Í sumum löndum er þetta á annan veg og fólk þar leggur meira upp úr félagslegu samneyti og frístundum.

- **Iðja er leið til að skipuleggja tíma.**

Í gegnum iðju skipuleggur fólk tíma sinn í ákveðin mynstur, venjur og hlutverk. Við bestu aðstæður nær það að skipta tíma sínum svo að það geti hugsað um sig sjálft, notið lífsins og lagt sinn skerf af mörkum til þjóðfélagsins, bæði í félagslegu og hagfræðilegu tilliti.

- **Iðja er leið til að skipuleggja umhverfi.**

Venjur hafa einnig áhrif á það hvernig fólk skipuleggur umhverfi sitt, jafnt innan heimilis sem utan. Mismunandi iðja gerir ólíkar kröfur til umhverfisins um staðsetningu og búnað. Á sama hátt ákvarðar sá efni-

viður og það rými sem við höfum yfir að ráða hvaða iðju er hægt að takast á við. Ef einu atvinnumöguleikarnir í bæjarfélagi tengjast sjávarútvegi og fiskvinnslu, þá hefur slíkt veruleg áhrif á tækifæri bæjarbúa til iðju.

- **Iðja er tekjullind.**

Iðja er leið til að sjá sér og sínum farborða, hún skapar lífsviðurværi. Þetta skiptir að sjálfsögðu máli bæði fyrir einstaklinginn sjálfan og samfélagið í heild. Mat á iðju er oft tengd hagfræðilegu gildi hennar í samfélaginu, eins og við sjáum glögg í mismuninum á launum þeirra sem starfa í heilbrigðisgeiranum og við uppeldi og umönnun annars vegar, og hins vegar þeirra sem vinna á frjálsum vinnumarkaði. Þess ber að geta að iðja getur haft hagfræðilegt gildi þó hún skili sér ekki í beinum tekjum hér og nú.

- **Iðja hefur þjálfunarlegt gildi.**


Iðjuþjálfar auðvelda einstaklingum, hópum og almenningi að taka þátt í og móta þá iðju sem er þeim mikilvæg og stuðlar að auknu sjálfræði og lífsfyllingu. Íhlutun iðjuþjálfara byggir á virkri þátttöku í verkum og athöfnum sem hafa þýðingu og tilgang (Elsa Friðfinnsdóttir, Guðrún Pálmadóttir, Hermann Óskarsson og Snæfríður Þóra Egilson, 1997).

Í gegnum iðju lærir fólk að að skipuleggja tíma sinn, fullnægja ákveðnum tilgangi og ná jafnvægi í lífinu. Markviss notkun iðju getur ýtt undir þroska, sköpunargáfu og andagift, þjálfað hæfileika, auðveldað fólki að ráða við breytingar, finna leiðir til að takast á við streitu, breyta þrúgandi aðstæðum og aðlagða ytra umhverfi.

Í stuttu máli þá er iðja er leið til að ýta undir alhliða þroska, viðhalda færni, koma í veg fyrir röskun á færni eða draga úr áhrifum hennar.

Lokaorð

Samspil fólks við iðju og umhverfi breytist og þróast á lífsleiðinni, í takt við þá möguleika og þær hindranir sem lífshlaup þeirra felur í sér. Iðja hvers manns verður því að skoðast í samhengi við eiginleika hans, sem og þær aðstæður sem hann býr við. Að lokum skulum við skoða hvernig þessir þættir fléttast saman og ákvarða í raun færni við iðju.



3. mynd. Law, Polatajko, Baptiste og Townsend (1997). Úr *Enabling Occupation*, bls. 47

Greinarhöfundur er lektor við námsbraut í iðjuþjálfun við Háskólann á Akureyri og starfar auk þess við Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins.

Heimildaskrá:

- Christiansen, C. (1991). *Occupational therapy: Intervention for life performance*. Í C. Christiansen & C. Baum (ritstj). *Occupational therapy: Overcoming human performance deficits*. Thorofare, NJ: Slack.
- Elsa Friðfinnsdóttir, Guðrún Pálmadóttir, Hermann Óskarsson og Snæfríður Þóra Egilson (1997). *Iðjuþjálfunarbraut við heilbrigðisdeild Háskólans á Akureyri: Lokaskýrsla starfshóps*. Háskólinn á Akureyri.
- Guðrún Pálmadóttir, Kristjana Fenger, Rósa Hauksdóttir, Sigrún Garðarsdóttir, Snæfríður Þóra Egilson og Þóra Leósdóttir. (1996). *Íðorð í iðjuþjálfun*. Reykjavík: Iðjuþjálfafélag Íslands.
- Kielhofner, G. (1995). *A model of human occupation: Theory and application*. Baltimore: William and Wilkins.
- Kielhofner, G. (1993). *Knowledge bases of occupational therapy*. In Hopkins, H.L. & Smith, H.D. (ed). *Williard and Spackman's occupational therapy*.
- Law, M., Polatajko, H. Baptiste, S. & Townsend, E. (1997). *Core concepts of occupational therapy*. In Townsend, E. (ed.). *Enabling Occupation*. Ottawa: Canadian Association of Occupational Therapists.
- Elsa Friðfinnsdóttir, Guðrún Pálmadóttir, Hermann Óskarsson og Snæfríður Þóra Egilson. (1997). Háskólinn á Akureyri: *Lokaskýrsla starfshóps um iðjuþjálfunarbraut við heilbrigðisdeild Háskólans á Akureyri*.
- Primeau, L.A. (1966). *Work and leisure: Transcending the dichotomy*. *American Journal of Occupational Therapy*, 50, 569-577.
- Snæfríður Þóra Egilson og Þóra Leósdóttir (1997). *Leikur og iðja*. Reykjavík: Una h.f.

Efnisyfirlit SJOT

Contents

Editorial	99
Original Articles	
On the notion of health as ability <i>Nordenfelt L.</i>	101
Working relationship, participation and outcome in a psychiatric day care unit based on occupational therapy <i>Eklund M.</i>	106
Models of adaptation – an adaptation process after stroke analysed from different theoretical perspective of adaptation <i>Forsberg-Wärleby G, Möller A.</i>	114
Sensory integration: Current trends in the United States. <i>Spitzer S, Smith Roley S, Clark F, Parham D.</i>	123
New Scandinavian Doctorates	
Functional capacity and physical environmental demand. Exploration of factors influencing everyday activity and health on the elderly population <i>Iwarsson S.</i>	139
Calendar	140



SCANDINAVIAN UNIVERSITY PRESS
Oslo, Stockholm, Copenhagen, Oxford, Boston

Faghópur um iðjuþjálfun barna

Innan Iðjuþjálfafélags Íslands er starfandi faghópur um iðjuþjálfun barna, sem hefur það að markmiði að miðla þekkingu á þessu sérsviði innan hópsins og utan. Faghópurinn er opinn öllum iðjuþjálfum og fundir eru haldnir í byrjun hvers mánaðar.

Allar nánari upplýsingar fást hjá
Gerði, Sigríði og Helgu á SLF, s: 581 4999.



Könnun á viðhorfi til sjálfræðis og forræðis í umönnun aldraðra

Við erum þrír iðjupjálfar í meistaranámi með öldrunarfræði sem sérgrein. Lokaverkefni okkar munu fjalla um

viðhorf þriggja hópa til sjálfræðis og forræðis í umönnun aldraðra. Rannsóknarverkefnin tengjast stærri rannsókn iðjupjálfa sem hefur meðal annars verið gerð í Bandaríkjunum, Nýja-Sjálandi og Ástralíu. Í þessari rannsókn eru notaðir spurningalistar sem voru gerðir af Victor G. Cicirelli við Purdue University í Bandaríkjunum. Við höfum þýtt og aðlagð spurningarnar að íslenskum aðstæðum. Ætlunin er að kanna viðhorf hjá iðjupjálfum, til sjálfræðis og forræðis í tengslum við umönnun aldraðra, hjá öldruðum sem búa utan stofnana á Stór-Reykjavíkursvæðinu og að lokum hjá umsjárad-

ilum þeirra og er þá eingöngu átt við uppkomin börn. Auk þess spyrjum við almennra spurninga. Aldraðir og umsjáradilar þeirra eru spurðir um málafni er snerta heilsufar, fjármál, sjálfstæða búsetu o.fl. Við vonumst til að í þessari könnun fáist meðal annars aukin vitneskja um, hvað leggja beri

áherslu á í þjónustu og umönnun aldraðra. Öldruðum á Íslandi fer fjölgaandi og snertir það iðjupjálfa, þar sem æ fleiri aldraðir munu þurfa á þjónustu þeirra að halda. Lykilhugtak í iðjupjálfun er að styðja fólk til sjálfbjargar og sjálfræðis í daglegu lífi. Í því felst meðal annars að styrkja einstaklinginn til þess að taka ákvarðanir um málefni er snerta eigin umsjá, sjálfstæða búsetu og virka þátttöku í samfélaginu. Við teljum mikilvægt fyrir iðjupjálfa á Íslandi að kynnast viðhorfum til sjálfræðis og forræðis í umönnun aldraðra, ásamt því að gera sér grein fyrir eigin afstöðu til þessara mála. Álitid er að viðhorf hafi áhrif á framkomu og samskipti fólks og það hvernig aðstoð er veitt. Nú á tímum kjósa flestir aldraðir að búa sem lengst á eigin heimili og fá aðstoð heim til sín. Yfirleitt eykst þörf fyrir aðstoð og umönnun með hækkandi aldri, og eftir því sem fólk þarf meiri aðstoð aukast líkurnar á að sjálfræði þess sé ekki virt. Einnig hafa rannsóknir sýnt að stuðningur og umönnun af hálfu fjölskyldunnar er það sem á stærstan þátt í því að fólk geti búið á eigin heimili sem lengst. Þess vegna er mikilvægt að kanna viðhorf aldraðra og umsjáradila þeirra til sjálfræðis og forræðis. Við stefnum að því að leggja spurningalista fyrir þátttakendur fyrir jól. Til þess að niðurstöðurnar verði sem áreiðanlegastar er mikilvægt að sem flestir sjái sér fært að svara spurningalistunum, þar á meðal iðjupjálfar. En eins og áður var

Síðan í apríl 1995

hafa sjö íslenskir iðjupjálfar stundað framhaldsnám til meistaraþráðu og er það að mestu skipulagt sem fjar-nám. Um er að ræða samstarfsverkefni Háskóla Íslands og Florida International University í Bandaríkjunum. Það var Gail Ann Hills, prófessor í iðjupjálfun sem skipulagði námið í samvinnu við IPÍ. Nemendur sinna allir störfum samhliða náminu sem áætlað er að ljúki í mars á næsta ári og eru þeir byrjaðir að vinna í rannsóknarverkefnum sínum. Þær Ingi-björg Ásgeirsdóttir, Margrét Sigurðardóttir, Valerie Harris og Sigrún Garðarsdóttir greina hér stuttlega frá loka-verkefnum sínum.

tekið fram er stefnt að því að könnunin nái til allra iðjupjálfa á Íslandi.

Ingibjörg Ásgeirsdóttir starfar á Sjúkrahúsi Reykjavíkur, Margrét Sigurðardóttir á vinnuheimilinu að Reykjalundi og Valerie Harris hjá Sjálfsbjörgu, landsambandi fatlaðra.

Tengsl milli færni við athafnir daglegs lífs (ADL) og sálrænna einkenna, af vefrænum toga hjá sjúklingum sem fengið hafa heilablóðfall

Í lokaverkefni mínu er ég að rannsaka tengsl milli færni við athafnir daglegs lífs (ADL) og sálrænna einkenna af vefrænum toga hjá sjúklingum sem fengið hafa heilablóðfall. Ég spyr tveggja rannsóknarspurninga:

Hvaða sálræn einkenni, af vefrænum toga (neurobehavioral impairments) hafa áhrif á þætti er lúta að eigin umsjá, það er að klæðast og afklæðast, snyrtingu, að komast um á dvalarstað og fá sér að borða? Er munur á milli færni einstaklinga sem hlotið hafa heilablóðfall annars vegar í hægra heilahveli og hins vegar í vinstra heilahveli?

Ég byrjaði að safna gögnum í rannsóknina í janúar síðast liðnum og fyrirhuga að safna gögnum hjá að minnsta kosti 30 einstaklingum (körlum og konum), 50 ára og eldri sem hlotið hafa sjúkdómsgreininguna heilablóðfall í hægra eða vinstra heilahveli. Vð gagnasöfnunina nota ég færnimatið: The Árnadóttir OT-ADL Neuro-

behavioral Evaluation (A-ONE) sem Guðrún Árnadóttir iðjupjálfi þróaði og gaf út 1988. Ég hef fengið iðjupjálfa starfandi á Sjúkrahúsi Reykjavíkur og Landspítalanum í lið með mér við gagnasöfnunina. Slík gagnasöfnun er liður í hefðbundnu ADL-færnimati iðjupjálfa á báðum þessum sjúkrahúsum. Í rannsókninni eru einungis tveir kvarðar notaðir úr matinu. Þeir eru Functional Independence Scale og Neurobehavioral Specific Impairment Subscale. Ég vona að niðurstöðurnar muni í fyrsta lagi auka skilning á færni og sjálfsbjargargetu sjúklinga við eigin umsjá og á þeim sálrænu einkennum, af vefrænum toga sem hafa áhrif á og koma jafnvel í veg fyrir að þeir nái fullri færni. Í öðru lagi að þær auðveldi iðjupjálfum að setja fram markvissa þjálfunaráætlun.

Sigrún Garðarsdóttir starfar á Grensásdeild Sjúkrahúss Reykjavíkur

Tilraunaverkefni á vegum Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis:
15. september 1997- 15. september 1998

ÍDJUPJÁLFUN Í HEILSUGÆSLU

•
Anna S. Jónsdóttir, heilsugæslustöðin Sólvangi í Hafnarfirði
Guðrún Hafsteinsdóttir, heilsugæslustöðin í Mjódd
Ingibjörg Pétursdóttir, tengiliður hópans, Heilsuverndarstöð Reykjavíkur

•
Iðjupjálfar verkefnisins halda fundi á fimmtudagsmorgnum á Heilsuverndarstöð Reykjavíkur. Áhugasamir geta haft samband í síma 552 2400

Fountain House á Íslandi

Þær Anna Guðrún Arnardóttir og Anna Valdemarsdóttir, iðjuþjálfar tóku þátt í alþjóðlegri ráðstefnu um Fountain House sem haldin var í Gautaborg síðast liðið sumar.



**Anna Guðrún
Arnardóttir**

Alþjóðleg samtök

Fountain House var upphaflega stofnað í New York fyrir um það bil 50 árum síðan. Fyrsti visirinn að samtökunum varð til um 1940 þegar sjúklingar, sem höfðu verið á geðdeild í N.Y. tóku sig saman og hjálpuðu hvorum öðrum að finna atvinnu, húsnæði og leiðir til þess að uppfylla félagslegar þarfir og gerast þannig virkir þátttakendur í samfélaginu. Hópurinn kallaði sig WANA (We Are Not Alone). Árið 1948 urðu þáttaskil þegar hópurinn festi kaup á húsi þar sem allir hjálpuðust að við að gera það sem þurfti. Í bakgarðinum var gosbrunnur og þannig varð nafnið „Fountain House“ til. Sagan hefur síðan endurtekið sig og í dag eru starfandi 340 klúbbar í 22 löndum, meðal annars á öllum Norðurlöndunum. Síðustu árin hafa verið stofnaðir um það bil 25 nýir klúbbar á ári. Allir þessir klúbbar eru hluti af alþjóðlegum samtökum og fylgja ákveðnum gæðastöðlum. Á nokkrum stöðum í heiminum eru þjálfunarstöðvar fyrir Fountain House. Þar eru haldin námskeið þar sem farið er yfir hugmyndafræðina og hvernig daglegt starf gengur fyrir sig.

Þegar nýr klúbbur er stofnaður eru sendir fulltrúar starfsfólks og félaga í þriggja vikna þjálfun og einn úr styrktarfélaginu í eina viku. Þegar starfsemin er komin í gang eru fulltrúar sendir af og til í þjálfun til að halda þessari sameiginlegu alþjóðlegu hugmyndafræði lifandi. Einnig eru starfandi ýmsar nefndir á vegum alþjóðasamtakanna þar sem fulltrúar eru frá öllum heimshörnum. Þannig eru öflug tengsl á milli klúbba um allan heim. Ein þessara nefnda er gæðanefnd sem ferðast á milli klúbba og fer yfir starfsemina og gefur síðan út ítarlega skýrslu um hvað sé í góðu lagi og hvað megi betur fara. Hver klúbbur þarf að uppfylla ákveðnar gæðakröfur til þess að fá viðurkenningu frá alþjóðasamtökunum ICCD (International Center for Clubhouse Development).

Starfsemi

Eitt af því erfiðasta í starfi okkar iðjuþjálfra á geðdeildinni er það þegar sjúklingar eru búnir að vera í þjálfun er oft ekkert sem tekur við. Skrefið út í samfélagið er fyrir marga óyfistígganlegt þegar fólk er búíð að vera lengi í vernduðu umhverfi og hefur lítið þurft að takast á við ábyrgð, skipulagningu og ákvarðanatöku. Í Fountain House er unnið að því að brúa bilið milli stofnunar og samfélags. Þar er fólk ekki lengur sjúklingar heldur félagar og allir bera sameiginlega ábyrgð á daglegum rekstri.



**Anna Valdemars-
dóttir**

**MIKIL ÁHERSLA ER
LÖGD Á AÐ KLÚBBUR-
INN SÉ SÝNILEGUR Í
SAMFÉLAGINU. HÚS-
NÆÐIÐ SKIPTIR ÞAR
MIKLU MÁLI. MÆLT ER
MEÐ AÐ ÞAÐ SÉ STAÐ-
SETT Í MIÐBÆNUM OG
HELST Í SÉR HÚSI.**

Allar ákvarðanir eru teknar á sameiginlegum fundum og það er ekkert sérstakt rými fyrir starfsfólk. Eitt af viðfangsefnum klúbbsins er að auka tengsl félaganna við samfélagið. Í klúbbum er meðal annars rekin vinnumiðlun þar sem félagar vinna að því að ná tengslum við vinnuveitendur. Þegar það tekst er gerður tíma- bundinn ráðningarsamningur. Starfsmaður frá klúbbum fer þá og kynnir sér starfið og þjálfar viðkomandi félag, vinnuveitanda að kostnaðarlausu. Þegar þjálfun er lokið fer félaginn inn á launaskrá hjá vinnuveitandanum. Ef félaginn veikist eða getur ekki sinnt starfinu er klúbburinn ábyrgur og sér til þess að annar komi í staðinn. Vinnuveitandanum er þannig tryggð 100% mæting. Starfsmaður klúbbsins er, meðan á þessu stendur stuðningsaðili fyrir bæði félagann og vinnuveitandanum og fylgist náið með gangi mála. Félaganum er einnig velkomið að sækja klúbbinn á meðan. Í húsi klúbbsins eru ýmis störf sem inni þarf af hendi og félagar skipta þeim með sér. Það þarf að taka á móti gestum og nýjum félögum og sjá um ýmsar kynningar, einhver þarf að vera á símanum, það þarf að sjá um eldhúsið, viðhald á húsnæði, bókhald, ræstingar og víða er gefið út blað með klúbbfréttum. Félagar sem starfa innan hússins eru ekki á launum heldur eru þeir að vinna að því að ná persónulegum markmiðum. Skilyrði fyrir inngöngu í klúbbinn er að eiga eða hafa átt við geðsjúkdóm að stríða. Fólk gengur í klúbbinn af frjálsum vilja og ákveður sjálft hve lengi það kys að tilheyra honum. Sem félagi er þín ávallt vænst og það er þörf fyrir þig. Rekstur klúbbsins er í höndum styrktarfélags sem gerir fjárhagsáætlun fyrir árið og sér til þess að kostnaður haldist innan þess ramma. Fjármagn til rekstursins kemur frá ýmsum styrktaraðilum. Á Norðurlöndunum eru ríki, borg og góðgerðarsamtök eins og Rauði krossinn

stærstu fjárveitendurnir en einnig veita einstaklingar og fyrirtæki styrki. Styrktarfélagið er skipað áhrifafólki í samfélaginu, s.s. stjórnmálamönnum og forstjórum fyrirtækja.

Klúbburinn Geysir

Það fyrsta sem vakti athygli okkar á ráðstefnunni í sumar var hve stór hluti ráðstefnugesta voru félagar hinna ýmsu klúbba, eða yfir helmingur. Öll framsöguerindi voru flutt til skiptis af starfsfólki, styrktarfélögum og félögum. Annað sem kom á óvart var að sjá allan þennan fjölda fólks, sem þrátt fyrir erfið veikindi hafði mikið til málanna að leggja og kom fram með reisn. Þetta var alveg ný reynsla eftir að hafa fylgst með skjólstaðingum okkar sem í okkar íslenska samfélagi er ekki reiknað með að hafi neitt fram að færa! Annað sem var einkennandi fyrir andrúmsloftið á ráðstefnunni var sú athygli sem við fengum og stuðningur við uppbyggingu Fountain House á Íslandi. Nú er formlega búið að stofna Klúbbinn Geysi með eigin kennitölu frá Hagstofu Íslands. Hugmyndin að nafninu eða áskorun um þessa nafngift kom frá Norðmanni sem við hittum á ráðstefnunni. Oftast tengist nafn klúbba gossbrunn, en við erum svo heppin að eiga okkar náttúrulega gossbrunn. Nafnið er einnig tákn fyrir mikinn kraft og það skilst vel um allan heim. Það er kominn góður kjarni áhugasamra félaga, búið er að gefa út bækling og fundir eru haldnir alla fimmtudaga kl. 14:00 í húsnæði Geðhjálp. Það sem enn vantar er húsnæði, fjármagn til rekstursins og sjálft styrktarfélagið. Markmiðið er að þetta verði allt til staðar fyrir lok næsta árs.

*Greinarhöfundar starfa á geðdeild
LSP á Kleppi*

Gigtar- og færnihjálpartæki í miklu úrvali



**Margskonar áhöld sem spara krafta, minnka verki,
auðvelda dagleg störf og stuðla að sjálfstæði.**

Hnífar, ostaskerar og mataráhöld.

Lykilgrip, pennar, sokkaífrur og griptangir.

Þjálfunartæki fyrir hendur, ss. boltar, teygjur, leir.

*Gönguhjálpartæki, stafir, ódýrar hækjur, háar og
lágar göngugrindur.*

Hitahlífar og spelkur frá DonJoy.

**Göngugreining í fullkomnasta göngugreiningartæki
landsins.**



Hjálpartækjabankinn / Össur

Hátún 12 og Hverfisgata 105, 105 Reykjavík

Símar 562 3333 og 562 1460

Kynningartilboð!

Savo 50HL skrifstofustóllinn

einn fullkomnasti skrifstofustóll á markaðnum.

Með stillanlegri setudýpt, stillanlegum örmum þyngdarstillingu á baki og veltisetu („vipp“) sem fylgir hreyfingum þínum sjálfkrafa. Slitsterkt áklæði.

Kynningartilboð aðeins

kr. 38.360.

5 ára ábyrgð!

**Býður nokkur
betur?**



epal

Skeifunni 6, Reykjavík, sími 568 7733, fax 568 7740.

Komið – skoðið – sannfærist

„Sýn iðjubjálfa er skjólstæðingsmiðuð“

Barbara O'Shea, prófessor tekin tali

Viðhorfsbreyting

*Barbara segir aðstæður á austurströnd
Kandada um margt líkar því sem gerist á
Íslandi. Bygðarlög eru dreifð og sums
staðar afar strjálbýlt.*

Á haustdögum hafði Bar-
bara O'Shea viðdvöl hér á landi, en
hún hefur starfað sem brautarstjóri
iðjubjálfunarbrautar við Dalhousie
University í Halifax í Nova Scotia í
Kanada frá upphafi. Námið fór af stað
fyrir sautján árum og að undan förnu
hefur Barbara, ásamt samstarfsfólki
sínu unnið að undirbúningi meistara-
náms fyrir iðjubjálfa við sama há-
skóla. Það er skipulagt sem fjarnám
og hefur göngu sína haustið 1998.
Barbara hafði viðdvöl hér á landi í
september síðast liðnum og hélt
námskeið fyrir íslenska iðjubjálfa.
Hún heimsótti auk þess Háskólann á
Akureyri og veitti þar ráðgjöf vegna
nýstofnaðrar iðjubjálfunarbrautar.

*Iðjubjálfar þar starfi
því við ólíkar aðstæður
ýmist í þéttbýli eða í
fámennum byggðum.
Á námskeiðinu fjall-
aði Barbara um þá
fræðasýn sem námið í
Dalhousie byggist á
og nálgun sem kennd
er við skjólstæðings-
miðaða iðjubjálfun.*

- Við uppbyggingu
námsbrautarinnar í
Dalhousie, gafst
tækifæri til þess að
skipuleggja námið
út frá þeirri hug-
myndafræði er tekur
mið af líkaninu um
iðju mannsins. Þetta
var mikil breyting
frá þeirri nálgun sem
algeng var á þessum tíma og byggði
á hugmyndum læknisfræðinnar. Að-
alinntakið var færni og virkni við iðju
en einnig var hefðbundin kennsla
m.a. í sjúkdómafræði. Þrátt fyrir að
okkur tækist nokkuð vel að fjalla um
viðfangsefni iðjubjálfunar á þennan
hátt, þá bar kennslan keim af lækn-

isfræðilegri nálgun. Við vorum því oft
að breyta tilhöggun námsins sem þró-
aðist smám saman. Námið var skipu-
lagt, þá einkum verknámið í sam-
vinnu við iðjubjálfa sem störfuðu á
svæðinu. Tilhöggun þess og breyttar
áherslur í faginu kröfðust vissulega
viðhorfsbreytinga innan starfsgrein-
arinnar og framan af voru skoðanir
skiptar. Ég held þó að okkur hafi tek-
ist vel til og samvinna, við starfandi
iðjubjálfa á svæðinu hefur dafnað
mjög með árunum. Það er afar mikil-
vægt að góð tengsl séu á milli skóla af
þessu tagi og iðjubjálfa sem starfa úti
í samfélaginu. Ég álít það frekar
styrk en veikleika að íslenskir iðju-
bjálfar eru fámennur hópur. Boðleiðir
eru einfaldar og samvinna náin. Iðju-
bjálfar hér eru virkir í félagsstarfi og
hafa náð ótrúlega langt í þróun iðju-
bjálfunar bæði sem fræðigreinar og
starfsgreinar á Íslandi. Merkilegir
áfangar hafa náðst, það sýnir m.a. ný-
stofnuð námsbraut og útgáfa ritsins
um iðroð í iðjubjálfun. Slík vinna er að
mörgu leyti lengra komin hér en víða
erlendis. Samræmdur iðroðaforði er
afar mikilvægur fyrir alla faglega
þróun og hornsteinn fræðigreinar-
innar, segir Barbara.

Skjólstæðingsmiðuð iðjubjálfun.

*Í iðjubjálfun hefur frá upphafi verið tekið
mið af þörfum skjólstæðingsins og hann*



verið í aðalhlutverki. Iðjubjálfar búa yfir sérþekkingu á þeim þáttum í lífi fólks er lúta að færni og virkni við iðju. Nú til dags er sjónum beint að iðju fólks í viðasta skilningi.

- Ég tel að við höfum tapað þeirri sýn á manneskjuna um tíma, þegar iðjubjálfar einbeittu sér að mestu að læknisfræðilegri nálgun. Nú er lítið til skjólstæðingsins sjálfs, þarfa hans og langana í daglegu lífi. Það er skjólstæðingurinn sem er sérfræðingur í eigin lífi og aðstæðum. Það er því okkar hlutverk að gera honum kleift að ástunda iðju sem hefur tilgang fyrir hann sjálfan og veitir honum gleði og vellíðan. Iðjubjálfar í Kanada starfa enn innan hefðbundinna stofnana, á sjúkrahúsum og ýmsum endurhæfingar- og hæfingarstofnunum fyrir aldraða og fatlaða. Ég tel þó að íhlutun taki betur mið af þörfum skjólstæðingsins en áður og iðjubjálfar leitist fyrst og fremst við að nálgast viðfangsefnin út frá þeim aðstæðum sem skjólstæðingurinn lifir og býr við. Það kallar á fleiri heimsóknir á heimili, skóla og vinnustaði sem eykur auðveldar yfirfærslu í umhverfi viðkomandi skjólstæðings þar sem hann stundar iðju sína. Þetta krefst mikils af iðjubjálfum þar sem starfsemi á hefðbundnum stofnunum er kannski

ekki sérlega skjólstæðingsmiðuð ennþá. Við þurfum að hafa hugfast að hlutverk okkar er ekki að veita meðferð í læknisfræðilegum skilningi, það er að „gera eitthvað við“ skjólstæðinginn heldur að leiðbeina honum, hvetja og aðstoða hann til þess að takast á við það sem gefur honum tilgang og bætir lífsgæði, segir Barbara.

Stefnumótun

Megin boðskapur í þróun iðjubjálfunar birtist í bókinni „Enabling Occupation“ sem er skrifuð af tíu höfundum. Fjölmarginir iðjubjálfar vótt og breitt um Kanada unnu einnig að hugmyndum að efni bókarinnar.

- Við gerð bókarinnar varð okkur betur ljóst, hversu mikilvægt það er að hafa manneskjuna sjálfa í huga og það sem gefur lífi hennar gildi. Þá er átt við þann innri mátt sem býr í hverjum og einum og gerir það að verkum að fólk nær markmiðum sínum í lífinu. Þetta hefur svo sem alltaf verið aðalinntak iðjubjálfunar, þrátt fyrir að við misstum sjónar á þessari nálgun á tímabili. Ein af þeim hindrunum sem við upplifum sem iðjubjálfar er sú að við erum vön því að íhlutun sé einungis það að vinna með skjólstæðinginn, maður á mann og að óbein íhlutun sé ekki „alvöru vinna“.

Barbara O'Shea var fyrirlesari á vel sóttu námskeiði í Norræna húsinu.

Ég á þá við ýmis undisbúningsstörf t.d. í skipulagsnefndum og vinnu með ýmsa umhverfispætti eins og þjónustuferli og innihald og skipulag þjónustu. Ég tel að til langs tíma litið sé það áhrifaríkara og breyti meiru fyrir möguleika skjólstæðinga okkar til lífsgæða en hefðbundin viðfangsefni. Sérþekking iðjuþjálfar leiðir til breyttra viðhorfa og hefur áhrif á þjónustutilboð í samfélaginu. Það er margt líkt með Kanada og Íslandi hvað varðar innihald þjónustu sem og viðhorf til þess hvernig gott heilbrigðiskerfi á að vera. Mér þykir Ísland alveg dásamlegt og hef notið

dvalarinnar hér í hvívetna. Það hefur verið afar áhugavert að kynnast fólki hér. Fólkið í landi hverju er það sem skiptir máli. Ég var einnig svo heppin að sjá Norðurljósin dansa á stjörnubjörtum himninum og hef aldrei áður séð þau skína jafn skært, segir Barbara að lokum.

PL/SPE

Ódýrir hjólastólar



- Sterkir
- Einfaldir í notkun
- Massív eða loftdekk
- Litir: blár eða rauður
- Flutnings- eða afturhjóladrifnir
- Fjöldi aukahluta
- Verð frá kr. 43,212*
- Kr. 47,620* afturhjóladrifnir

*Samkv. tollgengi nóv. '97



Austurbakki hf.

P.O. BOX 909 – 121 REYKJAVÍK, ICELAND

Borgartún 20, 105 Reykjavík – Sími: 562 8411 – Fax: 562 8435




Hjá okkur fæst mikið úrval

dýna, rúma, lyftibotna og
ýmissa annarra hluta
ss. vatnsheld lök fyrir
einstaklingsrúm.



Grensásvegi 3
Sími 568 11 44



Af Kjaramálum

**Í NÝJU LAUNAKERFI
MUNU LAUNAÁKVARÐ-
ANIR ÁN EFA BYGGJA Á
ÖÐRUM FORSENDUM EN
ÁÐUR HEFUR TÍÐKAST,
ÞAR SEM MEIRI
ÁHERSLA VERÐUR LÖGD
Á KERFISBUNDIÐ MAT
Á STÖRFUM OG STARFS-
MÖNNUM.**

Eftir margra mánaða vinnu var gengið frá miðstýrðum hluta kjarasamnings IPÍ við Fjármálaráðuneyti, Reykjavíkurborg og Reykjalund í byrjun júlí 1997. Hluti þessa nýja samnings felst í nýju launakerfi sem í raun þýðir að hluti launaákvæðana færist úr miðstýrðum kjarasamningum til stofnanabundinna samninga. Þar semja fulltrúar viðkomandi stéttarfélags og stofnunar um röðunarreglur í hinu nýja launakerfi og fer vinnan fram í aðlögunarnefndum.

Vinna nefndanna fór hægt af stað en henni átti að ljúka 31. október. Alls 18 iðjupjálfar eru virkir þátttakendur í aðlögunarnefndum hinna ýmsu stofnana. Mismunandi er hvernig miðar, sumar stofnanir eru komnar með drög að samkomulagi á meðan lítið miðar áfram annars staðar. Þessi hluti samningsins á að koma til framkvæmda í febrúar 1998 og á röðun samkvæmt honum að vera fullu lokið fyrir fyrsta mars 1998.

Endurskoðun á launakerfinu var löngu orðin brýn og er bein afleiðing þróunar sem hefur átt sér stað í íslensku þjóðfélagi. Í nýju launakerfi munu launaákvæðanir án efa byggja á öðrum forsendum en áður hefur tíðkast, þar sem meiri áhersla verður lögð á kerfisbundið mat á störfum og starfsmönnum. Þetta nýja launakerfi krefst því hugafarsbreytingar. Það krefst þess enn fremur að menn velti fyrir sér öðrum aðferðum við að ákvarða laun, en hingað til hafa verið notaðar í opinberum rekstri. Í miðstýrðu launakerfi hefur aðaláherslan verið lögð á starfsaldur og stöðuheiti.

Fá tækifæri eru til að umbuna fyrir skilvirkni og afköst stafsmanna og reynst hefur ómögulegt að taka tillit til ólíkra starfa, vinnuáðstæðna og

mismunandi eiginleika starfsmanna. Við höfum búið við tvöfalt launakerfi, þar sem taxtalaun hafa verið ákvörðuð í miðstýrðum samningum en hluti félagsmanna hefur einnig átt kost á ráðningarsamningsbundnum greiðslum t.d. fyrir óunna yfirvinnu.

Með gerð síðustu kjarasamninga hefur launakerfi opinberra starfsmanna verið aðlagð til að bregðast við breytingum á ytri aðstæðum. Áherslur nýja kerfisins eru annars vegar kröfurnar sem lagðar eru til grundvallar starfs og hins vegar þættir sem varða einstaklinga, svo sem frammi- staða starfsmanna. Í þessu felst tækifæri til þess að færa aðstæður opinberra starfsmanna til nútímans. Breytingarnar sem nú eru í vændum kalla bæði á nútímalega starfsmannastefnu vinnuveitenda og endurskipulagningu stéttarfélaga starfsmanna.

Kjarasamningar um hið nýja launakerfi hafa meðal annars eftirtalin meginmarkmið:

- Að auka hlut dagvinnulauna.
- Að auka sveigjanleika launakerfisins, draga úr miðstýringu og koma á skilvirkara kerfi sem tekur mið af þörfum og verkefnum stofnananna og starfsmanna þeirra.

Röðunarreglur í hinu nýja launakerfi gætu í grundvallaratriðum byggt á:

- Kerfisbundnu mati á störfum.
- Kerfisbundnu mati á einstaklingum.
- Kerfisbundinni tengingu við launakjör annars staðar.

Þessi nýja gerð kjarasamnings hefur kostað ómældu vinnu nefndarmanna. Mun fleiri iðjupjálfar en áður

koma með beinum hætti að samningsgerðinni og er það vel. Það eru flestir á einu máli um að þrátt fyrir þetta aukaálag, þá hafi þessi vinna haft margt gott í för með sér og hefur ýtt við yfirmönnum stofnana og okkur sjálfum. Það er ekki ónýtt að fá tækifæri til að ræða mál eins og starfsmannastefnu, skipurit og starfslýsingar iðjuþjálfna við yfirboðarana. Þetta er aðeins upphafið að breyttum tímum, starfið er rétt að hefjast.

Heimild:

Starfsmat og frammistöðumat í nýju launakerfi, skýsla til miðstjórnar BHM eftir Birgi Björn Sigurjónsson og Vigdísí Jónsdóttur, nóvember 1997.

*Fyrir hönd kjaranefndar,
Rósa Hauksdóttir
Siggríður Kr. Gísladóttir*

ÍÐORÐ Á NETINU

Undirritaður hefur verið samstarfssamningur milli Íorðanefndar IPÍ og Íslenskrar málstöðvar um að birta íðorðasafn iðjuþjálfna í orðabanka á Netinu. Orðabankinn var kynntur á málþingi í haust og þar voru flutt erindi frá nokkrum



höfundum íðorðasafna, þar á meðal Íðorðanefnd IPÍ. Vinna við hönnun tölvukerfis fyrir bankann hófst í janúar 1996. Markmiðið með samstarfi af þessu tagi er að orðanefndir og aðrir höfundar orðasafna fái netaðgang í sérhönnuðu tölvuskráningarkerfi, sem er hluti af hugbúnaði orðabankans og ætlaður til skráningar, vinnslu og varðveislu á orðasöfnum. Orðasöfnin birtast síðan í svokölluðum birtingarhluta, opnum hverjum þeim er aðgang hafa að Interneti. Í tilefni af degi íslenskrar tungu var orðabankinn opnaður formlega af Birni Bjarnasyni menntamálaráðherra og er hann þar með aðgengilegur almennum notendum.

• VEFFANG ORÐABANKANS ER:

<http://www.ismal.hi.is/ob/>

12th International Congress
of the World Federation
of Occupational Therapists
Montréal, Canada
May 31-June 5, 1998



For more information

Complete and return this form to:

WFOT '98 Congress Secretariat
Events International Meeting Planners Inc.
759 Victoria Square, Suite 700
Montréal, Québec, Canada H2V 2J7

or contact us at:

Tel.: (514) 296-8855
Fax: (514) 296-8866
E-mail: info@eventsintl.com

Please send: ☐ Registration information
☐ Exhibit information

☐ Programme information
☐ Hotel information

Name
Company/Institution
Address
City/Province/State
Country Postal/Zip code
Tel. Fax
E-mail

WFOT 98



12th International Congress of the World Federation of Occupational Therapists

Preparations are well under way for the 12th International Congress of the World Federation of Occupational Therapists. The Canadian Association of Occupational Therapists is excited to host this event in Montréal from May 31st to June 5th, 1998.

As a bridge between the traditions of the Old World and the dynamism of the New, Montréal has its own charm and personality. The event will take place at the Palais des Congrès de Montréal, located in the heart of the business section and in close proximity to the old city.

The Congress theme, **Sharing A Global Perspective**, is designed to unite occupational therapists from around the world to explore the diversity and uniqueness of their profession. Highlights for this Congress include: A rich and varied Scientific Programme, an exciting Social Programme and a large commercial Exhibit featuring products and services of interest to all in the field of Occupational Therapy.

WFOT '98 promises to be a challenging, insightful, educational and entertaining experience. The June 30 early registration deadline has already drawn a record response:

- Over 1500 abstracts have been submitted
- Over 1500 early registration forms have been received
- Half of the exhibit space has already been sold

Please feel free to contact the WFOT '98 Congress Secretariat for further information and instructions.

Events International Meeting Planners Inc.
759 Victoria Square, Suite 700
Montréal, Québec, Canada H2Y 2J7

Tel.: (514) 286-0855
Fax: (514) 286-6066
E-mail: info@eventsintl.com

Eftirtaldir aðilar hafa styrkt útgáfu þessa tölublaðs löjubjálfans og eru þeim færðar bestu þakkir

*REYKJAVÍK

IÐUNNAR APÓTEK EHF
DOMUS MEDICA
Egilsstötu 3

DRANGEY
Laugavegi 58

KAPÓLSKA KIRKJAN
Á ÍSLANDI
Hávallagötu 14-16

TEIKNISTOFAN
SKÓLAVÖRÐUSTÍÐUR 28
SF
Skólavörðustíg 28

SEGLAGERÐIN ÆGIR
Eyjarslóð 7

FÉLAG EINSTÆÐRA
FORELDRA
Tjarnargötu 10d

GULLHÖLLIN
Laugavegi 49

SNYRTISTOFAN GUERLAIN
Óðinsgötu 1

TEIKNISTOFAN ÖGMUND
Laugavegi 3

HEIMILISÍÐNAÐARSKÓLIN
N
Laufásvegi 2

SÆFOLD EHF
Fiskislóð 88

EINAR SIGURJÓNSSON
Hafnarstræti 20

JÓHANNES LEIFSSON
GULLSMÍÐUR
Laugavegi 30

NONNABITI
Hafnarstræti 18

FLUGLEIÐIR HF
Reykjavíkurflugvelli

KONFEKTÚÐIN EHF
Kringlunni 8-12

LANDSSAMBAND
LÍFEYRISSJÓÐA
Húsi verslunar, Kringlunni

VERSLUNARMANNAFÉLAG
REYKJAVÍKUR
Kringlunni 7

FACE ANDLIT EHF
Kringlunni 8-12

ÚTILÍF HF
Glæsibæ Álfheimum 74

IDEX AS.
Sundaborg 7-9

LYSTADÚN-SNÆLAND EHF
Skútuvogi 11

ELDVARNAMÍÐSTÖÐIN HF
Sundaborg 22

ÁSKIRKJA
Vesturbrún 30

EINAR & TRYGGVI HF
Kleitagörðum 11

GALLERÍ FOLD
Laugavegi 118d

STJÁ SJÚKRAÞJÁLFUN EHF
Hátúni 12

FJÖLSKYLDURÁÐGJÖF
SAMVIST
Laugavegi 103

LANDGRÆDSLUSJÓÐUR
Suðurlíð 38

FASTEIGNASALA
GARÐARS
Skipholti 5

ÚLFARASTOFA
KIRKJUGARÐANNA
Vesturhlíð

HLJÓÐ OG MYND
Skúlagötu 61

RÉTTARHOLTSSKÓLI
Réttarholtsvegi

ÖKUSKÓLI S.G. SF
Suðurlandsbraut 16

BREIÐAGERÐISSKÓLI
Breiðagerði

VÁTRYGGINGAFÉLAG
ÍSLANDS
Ármúla 3

HEILSURÆKTIN
WORLD CLASS
Fellsmúla 24

SAMSKIPTI HF
Síðumúla 4

BÓKHALDSPJÓNUSTAN
SUÐURLANDSBR. 12
Suðurlandsbraut 12

HÚSAKAUP HF
Suðurlandsbraut 52

ÍSLENSKA
AUGLÝSINGASTOFAN
Faxafeni 10

PARKET OG GÓLF EHF
Vegmúla 2

RÁÐVÍS HÖNNUN SF.
Grensásvegi 7

SJÚKRAHÚS REYKJAVÍKUR
Fossvogi

TANNSMÍÐAVERKSTÆÐI
Ð HF
Síðumúla 29

VERÐBRÉFASTOFAN HF
Suðurlandsbraut 20

LJÓSVAKINN
Síðumúla 15

HITAVEITA REYKJAVÍKUR
Grensásvegi 1

VERSLUNIN PLÚTÓ
Suðurlandsbraut 22

Z BRAUTIR OG
GLUGGATJÓLD
Faxafeni 14

RAKARASTOFA GRÍMS
Efstalandi 26

SELJASÓKN
Hagaseli

MJÓLKURSAMSALAN
Bítruhálsi 1

KAFFIBRENNSLA Ó.
JOHNSON & KAAB
Tunguhálsi 3

ÁRBÆJARPRESTAKALL
Árbæjarkirkju

VERSLUNIN SELÁS
Selásbraut 112

HANS PETERSEN HF
Lynghálsi 1

BÓLSTRUN ÓSKARS
SIGURÐSSONAR
Fjarðarási 23

ÁRBÆJARBLÓM SF.
Hraunbæ

SKRÁNINGARSTOFAN
Hesthálsi 6-8

ÍSLENSKUR HAGFISKUR SF
Eirhöfða 14

SÆPÓR HF
Smíðshöfða 21

HJÚKRUNARHEIMILI
SKJÓL & EIR
Box 12096

PÓSTUR OG SÍMI
Ármúla 27

ALÞÝÐUBANDALAGID
Austurstræti 10

SEÐLABANKI ÍSLANDS
Kalkofnsvegi 1

* KÓPAVOGUR

KERTAGERÐIN
NORÐURLJÓS
Auðbrekku 14

* GARDABÆR

PLASTOS HF
Suðurhrauni 3

* HAFNARFJÖRÐUR

LANDSBANKI
ÍSLANDS, HAFNARFIRÐI
Strandgötu 33

* REYKJANES

SPARISJÓÐURINN Í
KEFLAVÍK
Tjarnargötu 12

SJÚKRAHÚS SUÐURNESJA
Mánagötu 9

Eftirtaldir aðilar hafa styrkt útgáfu þessa tölublaðs
löubjálfans og eru þeim færðar bestu þakkir

FÖNDURHEIMAR HF
Hafnargötu 48

KEFLAVÍKURKIRKJA
Hafnargötu 15

HAPPDRETTI DAS UMBOD
Gauksstöðum

*** MOSFELLSSBÆR**

VINNUHEIMILIÐ
REYKJALUNDUR
Reykjalundi

BÆJARDEKK
Langatanga 1a

*** VESTURLAND**

BÓKASKEMMAN
Stíllholti 18

DVALARHEIMILIÐ HÖFÐI
Sólmundarhöfða

BÆJAR- OG
HÉRAÐSBÓKASAFNIÐ
Heiðar braut 40

TRYGGVI BJARNASON
HDL
Kirkjubraut 28

VARMALANDSSKÓLI
Varmalandi

STAFHOLTSPRESTAKALL
Stafholti

BÓKASAFN EYRARSVEITAR
Grundargötu 51

SOFFANÍAS CECILSSON
Borgarbraut 1

FENGUR EHF
Grundarbraut 48

HRAÐFRYSTIHÚS
HELLISSANDS HF
Hellisbraut 1

LAUGASKÓLI
Laugum

HJARÐARHOLTS-
PRESTAKALL Í DÖLUM
Dalagerði

REYKHÓLASKÓLI
Reykhólum

*** VESTFIRÐIR**

ÍSLANDSBANKI HF
Stjórnsýsluhúsinu

BÓKASAFN ÍSAFJARÐAR
Austurvegi 9

SKÍÐASVÆÐI
ÍSAFJARÐARBÆJAR
Stjórnsýsluhúsinu

VERKALÝÐSFÉLAGIÐ
BALDUR
Pólgötu 2

HEILSUGÆSLUSTÖÐIN
PATREKSFIRÐI
Stekkum 1

HRAÐFRYSTIHÚS
TÁLKNAFJARÐAR HF
Miðtúni 3

GISTIHEIMILIÐ HÓLMAVÍK
Borgarbraut 4

ÁRNESHREPPUR

*** NORÐURLAND
VESTRA**

KAUPFÉLAG VESTUR-
HÚNVETNINGA
Strandgötu 1

BÍLA OG BÚVÉLASALAN
Melavegi 17

MJÓLKURSAMLAG K.S
Skagfirðingabraut

SAMSTAÐA, STÉTTARF.
A-HÚNVETNINGA
Þverbraut 1

VINDHÆLISHREPPUR
Njálstöðum

APÓTEK BLÖNDUÓSS
Bogabraut 7

SKÓLASKRIFSTOFA
SKAGFIRÐINGA
Sæmundargötu 1

*** NORÐURLAND
EYSTRA**

KAUPFÉLAG EYFIRÐINGA
Hafnarstræti 91-95

FULLORÐINSFRÆÐSLA
FATL.Á AK
Hvammshlíð 6

VALSÁRSKÓLI
Svalbarðsströnd

SAMSON EHF
Sunnuhlíð 12

BÓKASAFN SÍÐUSKÓLA
Síðuskóla

GRUNNSKÓLINN Í
GRÍMSEY

DALVÍKURBÆR
Ráðhúsinu

TJARNARSÖKN
Tjörn

BÍLALEIGA HÚSAVÍKUR
Garðarsbraut 66

HÚSAVÍKURKIRKJA
Urðargerði 6

HÚSAVÍKURKAUPSTAÐUR
BÆJARKRIFST.
Ketilsbraut 9

HEILSUGÆSLUSTÖÐIN
HÚSAVÍK
Auðbrekku 4

FERÐAÞJÓNUSTAN
NARFASTÖÐUM
Reykjadal

VERKALÝÐSFÉLAGIÐ
RAUFARHÖFN
Aðalbraut 27

VERKALÝÐSFÉLAG
ÞÓRSHAFNAR
Eyrarvegi 1

*** AUSTURLAND**

HÓTEL TANGI
Hafnarbyggð 17

SNARVIRKI EHF
Miðási 4

ÞVOTTATÆKNI HF
Fjarðargötu 8

TRÉSMIÐJAN TÖGGUR HF
Bröttuhlíð 8

KAMBAFELL HF
Sjávargötu 1

MJÓLKURSAMLAG
NORÐFIRÐINGA HF
Hólgötu 3

KAUPFÉLAG
FÁSKRÚÐSFIRÐINGA
Skólavegi 59

FERÐAÞJÓNUSTA BÆNDA
STAFAFELLI
Lóni

*** SUÐURLAND**

ÍSTOPPUR EHF
Austurvegi 46

SAMVINNUFERÐIR
LANDSÝN SELFOSSI
Austurvegi 3-5

SÓLVALLASKÓLI
Sóivöllum 2

VERSLUNIN HORNÍÐ HF
Tryggvagötu 40

HRAUNGERÐISPRESTAKALL
Bankavegi 8

JEPPASMIÐJAN EHF
Ljónsstöðum, Sandv. hr

ÁRNESPRÓFASTSDÆMI
prestasetrinu Skálholti

ÖLUR -
SKÓGRÆKTARSTÖÐ
Sólheimum

ECOLINE EHF
Sunnumörk 4

BARNASKÓLINN
EYRABAKKA &
STOKKSEYRI
Eyrabakka

HÁSTEINN EHF
Stjörnusteinum 12


FLÚÐASVEPPIR
Undirheimum

ÍSFÉLAG
VESTMANNAEYJA HF
Strandvegi 28

VÖRUVALL HF
Vesturvegi 18

SÆHAMAR EHF
Flötum 31

Hjól NÝTT astóla braut






Létt, meðfærileg braut. Fáanleg
í lengdum frá 190 til 330 sm.

Tví eða þrúbrotin. Þyngd aðeins
20 til 35 kg. Burðarþol 400 kg.

Jón Eiríksson, Dalvegur 16, 200 Kópavogur. Sími/fax: 5642820, 8943280.

Allt til leir og glergerðar



GALLT HF.

Bíldshöfða 16 • Sími: 587 5411 • Fax: 567 4611


HÆKJUR

... með góðu gripi

Eigum gott úrval af léttum hækjum
í mörgum litum.

NÝJUNG! mjúk handföng
formuð að hendinni.

STYRK STOÐ



*Litríkar barnahækjur.
Léttir göngustafir.*



**FAGLEG
RÁÐGJÖF**



Trönuhrauni 8
Pósthólf 409
222 Hafnarfjörður
Sími 565 2885
Bréfsími 565 1423